

Skipulagsstofnun
Jakob Gunnarsson
Borgartúni 7b
105 Reykjavík



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland


Minjavarðarsvið
Suðurgötu 39 101 Reykjavík
(354) 570 13 14
www.minjastofnun.is
Kennitala: 440113-0280

21. júlí 2025
MÍ202506-0026/ 6.07 / Þ.H.

Efni: Fiskvegur í jarðgöngum við Barnafoss (nr. 0770/2025) – kynning matsáætlunar.

Minjastofnun Íslands hefur móttengið erindi Skipulagsstofnunar í Skipulagsgáttinni, þar sem óskað er eftir umsögn um matsáætlun vegna áforma Rata ehf. í samvinnu við Veiðifélag Hvítár og Norðlingafljóts um að útbúa fiskveg í jarðgöngum við hlið Barnafoss til að gera Hvítá fiskgenga ofan við fossinn. Matsáætlunin var unnin af Environice, *Fiskvegur í jarðgöngum við Barnafoss. Umhverfismat framkvæmdar. Matsáætlun*, dagsett 2. júní 2025. Minjastofnun hefur áður gefið umsögn um matsskyldufyrirspurn vegna framkvæmdarinnar, dagsett 28. okt. 2021 þar sem sjónarmið stofnunarinnar um framkvæmdina koma fram. Fyrirhuguð framkvæmd er að mestu neðanjarðar, en ofan jarðar er gert ráð fyrir 35 m² borsvæði auk 150 m² vinnusvæðis. Verktakar munu hafa aðstöðu í grjótnámu í landi Stóraáss á framkvæmdatíma. Engar þekktar fornleifar eru á áhrifasvæði framkvæmdanna og gerir Minjastofnun ekki athugasemdir við matsáætlunina.

Þór Hjaltalín
Sviðsstjóri
thor@minjastofnun.is

Virðingarfyllst,
f.h. Minjastofnunar Íslands

Þór Ingólfsson Hjaltalín
Sviðsstjóri minjavarðarsviðs

Skipulagsstofnun
umsögn skilað í skipulagsgátt

20. júní 2025

Umsögn um matsáætlun fiskvegar í jarðgöngum við Barnafoss

1 Inngangur

Vísað er í umsagnarbeiðni Skipulagsstofnunar þar sem óskað er umsagnar stofnunarinnar um matsáætlun fiskvegar í jarðgöngum við Barnafoss. Umhverfismat framkvæmdar. Unnin af Environice dagsett 9. maí 2025. Heilbrigðiseftirlit Vesturlands gaf umsögn á fyrri stigum málsins þann 8. nóvember 2021.

Markmið umsagnarinnar er að meta hvort matsáætlun framkvæmdaraðila uppfylli kröfur með sérstakri áherslu á mengunarvarnir, vatnsgæði, starfsleyfisskyldu. Heilbrigðiseftirlitið horfir einkum til eftirfarandi laga og reglugerðar við vinnslu þessarar umsagnar: Lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, Lög nr. 36/2011 um stjórn vatnamála, reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns, reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. reglugerð nr. 724/2008 um hávaða, reglugerð nr. 787/1999 um loftgæði, reglugerð nr. 1400/2020 um mengaðan jarðveg, Lög nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

2 Mat á gæðum matsáætlunar

Þáttur	Mat HEV	Það sem þarf að skýra betur
Lýsing á framkvæmd og valkostum	Mat er takmarkað.	Gera þarf betur grein fyrir efnisvinnslu á 660 m vegslóða og flutning/geymslu/endurvinnslu á u.þ.b. 4.500 m ³ bergs úr göngum.
Vinna á kvöld- og næturtíma að vetri	Aukin áhætta	• Seinni viðbrögð við leka og eldsneytisslysum • Ísmyndun og skert virkni uppsogs- og flotbúnaðar • Aukin hættu á slysum við efna- og eldsneytisáfyllingar og umferðarslysum vegna færðar • Kyrr veðurskilyrði uppsöfnun á ryki
Mengunarvarnir og mótvægisáðgerðir	Ófullnægjandi.	Tímasett viðbragðsáætlun við olíu- og efnaleka, meðhöndlun borsvarfs og mögulegu ryki og skilgreint ábyrgðarferli vantar.
Úrgangs- og jarðefnis meðhöndlun	Ófullnægjandi.	Tölulegt mat á magni, flokkun og endanlegri förgun jarðefna og borsvarfs skortir.
Grunnrannsóknir og vöktun	Ófullnægjandi.	Safna raungögnum um grunnvatnslekt, efnavist Hvítar og vistfræðilegt ástand vatnshlots; setja upp viðhlítandi vöktun á ástandi vatnshlots áður en borun hefst.

Þáttur	Mat HEV	Það sem þarf að skýra betur
Umferð og slóði	Mat er takmarkað.	Tilgreina fjölda þungra flutningabíla, áhrif þeirra á vegakerfi, rof, svifryk og hávaða og setja fram mótvægisáðgerðir.
Sprengingar og hljóðvist	Ófullnægjandi.	Gera grein fyrir hávaða og titringi á nærliggjandi ferðamannasvæðum og skilgreina mörk. Bæta við kröfu um að: 1) forspá sýni að LAeq og L _{AF} max verði innan marka töflu III; 2) framkvæmd sé bundin við tímamörk töflu IV; 3) kynning til nærliggjandi gesta og ferðamanna fari fram með „sannarlegum hætti“ skv. reglugerð um hávaða gr. 9. gr.
Loftgæði	Ófullnægjandi	Gera þarf grein fyrir mótvægisáðgerðum vegna loftgæða s.s. að takmarka ryk vegna vega/ slóðagerðar og umferðar. Í starfsleyfi skal taka mið af BAT-áðgerðir s.s. blautborun, rykbinding slóða og vöktunarsvæði skv. 21.–23. gr. reglugerðar 787/1999.
Starfsleyfi	Mat er takmarkað	Framkvæmdaaðili skal tilgreina umsóknir til HEV fyrir: • Jarðborun (X. viðauki, liður 10.4) ; • Vinnsla jarðefna ef berg er mulið eða sigtað (liður 2.6) ; • Tímabundna vinnuáðstöðu, verkstæði og vinnubúðir (liður 10.7) 5. gr. reglugerðarinnar kveður á um að öll starfsemi í X. viðauka hafi gilt starfsleyfi áður en hún hefst .

3 Sérstakar athugasemdir

3.1 Vatnsrennsli

Í matsáætlunin kemur fram að vatnsrennsli um fiskveginn verði 0,3 m³/s, sem sé innan við 1 % af lágmarksrennsli Hvítár (35 m³/s). Til að staðfesta þetta hlutfall þarf að skoða betur sveiflur í rennsli og setja þarf fram hlutfallið sem hámark þannig að betur sé unnt að meta áhrif á vistkerfi Hvítár.

3.2 Sprengingar og hljóðvist

Sprengingar á tveggja mánaða tímabili krefjast hljóð- og titringsspár, mótvægisáðgerða s.s. ef sprengingar geta haft áhrif á náttúru innan náttúruverndarsvæðis.

3.3 Þættir sem framkvæmdaraðili hyggst ekki meta

Heilbrigðiseftirlitið telur að betur þurfi að meta hljóðvist, áhrif umferðar, jarðveg og loftgæði. Hávaðaþröskuldar skv. lögum nr. 7/1998 og losun svifryks krefjast lágmarks-mats. Vatnsmengunaráhættan af setflutningi kallar á mat samkvæmt reglugerð 796/1999.

3.4 Starfsleyfi vegna jarðborunar, jarðefnavinnslu og tímabundinnar aðstöðu

Jarðborun (liður 10.4), vinnsla jarðefna (2.6) og vinnubúðir (10.7) í X. viðauka reglugerðar 550/2018 eru starfsleyfisskyld. 5. gr. reglugerðarinnar bannar að hefja slíka starfsemi án gilt starfsleyfis . Umsókn skal fylgja:

1. tæknilýsing borunar, efnistökuáðgerða og meðhöndlunar borsvarfs
2. vöktunaráætlun losunar og áhættumats- og viðbragðsáætlun skv. 10. gr. reglugerðarinnar;
3. tímalína sem tryggir að starfsleyfi verði auglýst og tekið gildi áður en borun eða sprengingar hefjast, sbr. 11. gr. reglugerðarinnar.

3.5 Áhættumat vegna nýrrar laxgöngu.

Framkvæmdaraðili telur ekki þörf á sérstöku mati á líffræðilegum áhrifum laxgengni, þar sem „þjóðhagslegur ávinningur af aukinni veiði sé mikill“.. Lax telst *nýr innflytjandi* inn á 21 km kafla Norðlingafljóts, svæði sem hýsir aðeins staðbundinn urriða og bleikju. Heilbrigðiseftirlitið telur þörf á að meta áhrif á lífríkið sem fyrir er á sjónarmiðum varúðarreglu.

3.6 Möguleg þungmálmamengun í borsvarfi.

Kanna þarf mögulega PAH-, TPH- og þungmálmamengun í borsvarfi skv. reglugerð nr. 1400/2020 um mengaðan jarðveg; meta hvort flokka þurfi efnið sem mengaðan jarðveg. Það gæti sérstaklega átt við ef slys verða s.s. vegna olíuleka.

4 Niðurstaða

Heilbrigðiseftirlit Vesturlands telur að matsáætlunin veiti ágæta yfirsýn en uppfylli ekki að fullu kröfur þeirra laga og reglugerða sem getið er í inngangi.

Framkvæmdin er utan skilgreinds vatnsverndarsvæðis skv. Aðalskipulagi Borgarbyggðar 2010-2022; almennar kröfur reglugerðar 796/1999 um vernd vatns gilda engu að síður um Hvítá og grunnvatn á svæðinu.

Virðingarfyllt,



Þorsteinn Narfason,
framkvæmdastjóri.



Skipulagsstofnun
Borgartúni 7b
105 Reykjavík

Borgarnesi, dags. 02. júlí 2025
2506037/DG

Efni: Umsögn Borgarbyggðar vegna matsáætlunar „Fiskvegur í jarðgöngum við Barnafoss“

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar, júní 2025, þar sem óskað er umsagnar Borgarbyggðar vegna kynningar á matsáætlun vegna ofangreindrar framkvæmdar í samræmi við 21. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Í umsagnarbeiðni kemur m.a. fram að í umsögn skuli koma fram hvort umsagnaraðili hafi athugasemdir við það hvernig framkvæmdaraðili hyggst vinna að umhverfismati framkvæmdarinnar, út frá sínu starfssviði. Einnig kemur fram að leyfisveitendur skuli í umsögn sinni gera grein fyrir þeim leyfum sem eru á stafssviði þeirra og framkvæmdin er háð.

Sveitarfélagið lagði málið fyrir Byggðarráð Borgarbyggðar á fundi nr. 711 þann 2. júlí 2025 þar sem bókað var:

„Byggðarráð Borgarbyggðar telur að vel sé gert grein fyrir því hvernig staðið verði að mati á þeim þáttum umhverfismatsins sem viðkemur sveitarfélaginu og gerir ekki athugasemd við matsáætlunina. Samþykkt samhljóða.“

Þau leyfi sem framkvæmdaraðili þarf að afla sér og eru á hendi sveitarfélagsins er framkvæmdaleyfi og stöðuleyfi.

Sé frekari upplýsinga óskað vinsamlegast hafið samband við undirritaða.

Virðingarfyllst,

Skipulagsfulltrúi Borgarbyggðar

Skipulagsstofnun
Borgartúni 7b
105 Reykjavík

Hafnarfjörður 17. júlí 2025
Tilv.2025-06-04-0582/2.4.1

Efni: Varðar umsagnarbeiðni um fiskveg í jarðgöngum við Barnafoss

Með erindi úr Skipulagsgátt þann 4. júní síðastliðinn leitar Skipulagsstofnun umsagnar Fiskistofu varðandi hugsanlega matsskyldu framkvæmda sem varða fyrirhugaða gerð Rata ehf. á fiskvegi í jarðgöngum við Barnafoss. Málið er í kynningarferli og er nr. 770/2025.

Af meðfylgjandi matsáætlun, jafnt sem umsögnum Hafrannsóknastofnunar og Náttúruverndarstofnunar í málinu, er ljóst að ábótavant er að fjallað sé ítarlegar um ákveðin atriði. Fjalla þarf ítarlega um möguleg áhrif framkvæmdarinnar á lífríkið og aðstöðu til veiði. Þar að auki óskar Fiskistofa eftir viðbragðsáætlun sem útlistar hvernig verði brugðist við ef eitthvað í framkvæmdum fer úrskeiðis og er til þess fallið að hafa áhrif á lífríkið, t.d. ef skaðleg efni berist frá framkvæmdunum í vatnsfallið o.s.frv.

Fiskistofa bendir á að sérhver framkvæmd í eða við veiðivatn, allt að 100 metrum frá bakka, sem áhrif getur haft á lífríki vatnsins eða aðstæður til veiði er háð leyfi Fiskistofu, sbr. 33. gr. laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði. Fellur þessi framkvæmd greinilega undir lagagreinina og framkvæmdin því leyfis skyld af hálfu Fiskistofu. Sækja má um leyfið með rafrænum hætti á vefsíðu Fiskistofu: <https://island.is/leyfi-fiskistofu>.

Fiskistofa vekur athygli á því að við úrvinnslu umsóknar um leyfi til framkvæmda, er tekið tillit til álits viðkomandi veiðifélags og umsagnar sérfræðings um hugsanleg áhrif framkvæmdar á lífríki veiðivatns.

Virðingarfyllst,
F.h. Fiskistofu



Hera K. Aradóttir
Sérfræðingur lax- og silungsveiðisviðs



Skipulagsstofnun
Jakob Gunnarsson
Borgartún 7b
105 REYKJAVÍK

Garðabær, 9.7.2025

Málsnúmer: 202506-0007

LA

Efni: Fiskvegur í jarðgöngum við Barnafoss. Matsáætlun.

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar um Skipulagsgátt, dagsett 4. júní 2025, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar um matsáætlun vegna fiskvegar í jarðgöngum við Barnafoss. Stofnunin fékk frest að skila inn umsögn á tilsettum tíma.

Í matsáætlun segir um tilgang og markmið: „Framkvæmdin felur í sér að opna fiskveg í jarðgöngum við hlið Barnafoss þannig að nýta megi búsvæði Norðlingafljóts á 21 km svæði, upp að Bjarnafossi, fyrir laxfiska og byggja þar upp sjálfbæran laxastofn. Með því að gera Norðlingafljót fiskgengt nást markmið um stækkun á náttúrulegum búsvæðum fyrir lax, auk þess sem framkvæmdinni er ætlað að stuðla að viðhaldi Atlantshafslaxins og styrkja efnahagslegar forsendur svæðisins.“

Jarðgöngin verða annað hvort unnin um op við göngustíg að Barnafossi eða frá neðri enda (úttaksopi) þar sem leggja þarf 660–670 m langan tímabundinn slóða meðfram suðurbakka Hvítár.

Hraunfossar og Barnafoss í Hvítá voru friðlýstir árið 1987. Í reglugerð um friðlýsinguna kemur fram að mannvirkjagerð og jarðrask, svo og aðrar breytingar á svæðinu, er háð leyfi Náttúruverndarstofnunar. Þá njóta hraun og fossar sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér matsáætlunina og telur að hún geri vel grein fyrir þeim þáttum sem fjalla þarf um í mati á umhverfisáhrifum. Stofnunin hefur áður veitt umsagnir vegna málsins, annars vegar 27. október 2021 vegna matsskyldufyrirspurnar og hins vegar 7. janúar 2022 sem viðbrögð við svörum framkvæmdaraðila.

Náttúrufræðistofnun gerir eftirfarandi athugasemdir:

Í matsáætlun er gert ráð fyrir að í jarðgöngunum verði stýring á lokunarbúnaði, fiskiteljari, lýsing og hreinsun með háþrýstidælum. Þetta kallar á rafmagn en á bls. 12 segir að leggja þurfi heimtaug að göngunum. Stofnunin telur mikilvægt að gerð sé skýrari grein fyrir legu rafstrengsins að framkvæmdasvæðinu og mögulegum umhverfisáhrifum tengdum því.

Gera þarf vel grein fyrir lífríki Norðlingafljóts og meta möguleg umhverfisáhrif á vistkerfi vegna tilkomu laxfiska sem ekki hafa verið þar áður. Í matsáætlun er stuðst við eldri rannsóknir á laxaseiðum (2000), smádýralífi (1978 og 1989) og veiðitölum (2009). Stofnunin telur rétt að uppfæra rannsóknir á stöðu lífríkis Norðlingafljóts og nýta þær til að meta umhverfisáhrif á það.



Þar sem um er að ræða framkvæmdir innan friðlýst svæðis er þörf á viðbragðsáætlun vegna hugsanlegra óhappa og áætlun um frágang svæðisins að framkvæmdum loknum.

Fyrirhuguð framkvæmd er innan friðlýst svæðis og hún mun raska náttúrufari. Óvissa ríkir um áhrif framkvæmda vegna jarðgangnagerðar og áhrif tilkomu laxfiska á vistkerfi Norðlingafljóts. Framkvæmdin er jafnframt þess eðlis að erfitt er að sjá að brýnir samfélagslegir hagsmunir krefjist hennar.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir við matsáætlun um fiskveg við Barnafoss.

Virðingarfyllt,

Lovísa Ásbjörnsdóttir

jarðfræðingur

Skipulagsstofnun

1. júlí 2025
Mál nr. 2025-06-0276

Umsögn Hafrannsóknastofnunar, rannsókn- og ráðgjafastofnunar hafs og vatna um matsáætlun fyrir verkefnið Fiskvegur í jarðgöngum við Barnafoss

Verkefnið felur í sér gerð fiskvegur í jarðgöngum við hlið Barnafoss til að gera Hvítá fiskgenga ofan við fossinn. Með þessu opnast möguleiki á að nýta búsvæði Norðlingafljóts, fyrir laxfiska og byggja þar upp sjálfbæran laxastofn.

Framkvæmdaraðili telur að þessi framkvæmd sé óvenjuleg á tvennan hátt. Annars vegar er svæðið, sem fiskvegurinn mun liggja undir, friðlýst sem náttúruvætti – og hins vegar verður þetta fyrsti fiskvegurinn á Íslandi sem lagður er í jarðgöngum. Hafrannsóknastofnun tekur undir þetta og hvetur til aðgæslu og varkárni.

Í matsáætlun kemur fram að op ganganna verði að mestu undir vatnsyfirborði Hvítár en þetta má skýra betur. Göngin verða um 3,6 m á breidd og 4,1 m á hæð og ef þau eru að mestu undir vatnsyfirborði verður erfitt að stýra 0,3 m³/sek af vatni um þau.

Verkefnið kann að hafa áhrif á lífríki Norðlingafljóts á 21 km kafla, frá ármótum við Hvítá að Bjarnarfossi en hann er talinn ófiskgengur. Á þessu svæði má væntanlega finna bæði bleikju og urriða upprunna ofan af Arnarvatnsheiði en lax hefur einungis komist á þetta svæði með aðstoð mannsins. Flæði silunga ofan af heiðinni er væntanlega nokkuð stöðugt og ekki líklegt að staðbundnir stofnar séu æxlunarlega einangraðir á þessu svæði. Að mati Hafrannsóknastofnunar væri rétt að kanna það nánar áður en ráðist er í framkvæmd og ætti það að vera hluti af mati á umhverfisáhrifum. Slík rannsókn ætti einnig að ná yfir aðrar ár á svæðinu (s.s. Kaldá, Stuttá, Trússá og fleiri) en um er að ræða uppsprettur í hrauni, en á slíkum svæðum hafa oft þróast sérstakir bleikjustofnar. Það er mikilvægt að huga vandlega að líffræðilegri fjölbreytni í þessu verkefni og forðast að draga úr henni.

Það vekur athygli að á því svæði sem um ræðir í Norðlingafljóti er sagður aðeins lítill stofn af staðbundnum urriða eða 11 fiskar veiddir árið 2009. Ástæða er til að skoða þetta betur, svæðið þykir hentugt fyrir uppvöxt laxaseiða og ætti því einnig að fóstura urriða mjög vel. Vera kann að veiðimenn hafi ekki lagt sig eftir urriða eða skráning þeirra á silung ekki verið góð.

Að mati Hafrannsóknastofnunar er verkefnið ekki aðeins bundið við gerð fiskvegar heldur einnig uppbyggingu fiskistofna (lax og sjóbleika) í framhaldi af verklegum framkvæmdum. Það er því mikilvægt að fyrir liggi áætlun um hvernig árangur verði metin (vöktunaráætlun) og til hvaða aðgerða verði gripið ef ekki næst viðunandi árangur.

F.h. Hafrannsóknastofnunar

Sveinn Kári Valdimarsson



Vegna: Máls nr. 0770/2025, Fiskvegur í jarðgöngum við Barnafoss (Kynning tillögu að áætlun)

Athugasemd:

Umhverfis-og náttúruverndarsamtökin Sól til framtíðar mótmæla því að farið sé í þessa tilraunaframkvæmd sem er á friðlýstu náttúruvætti. Ekki er vitað um hvaða áhrif þessar framkvæmdir hafa á vistkerfi og vatnasvið Hvítár auk þess ef eitthvað fer úrskeiðist í þessari framkvæmd gæti orðið óafturkræfur skaði á Barnafossum. Vermætin í þessum náttúrundrum sem Hraunfossar og Barnafossar eru, eru slík að ekki er verjandi á nokkurn hátt að fara í framkvæmdir sem þessar.

f.h Sólár til framtíðar
Margrét Guðjónsdóttir
gjaldkeri

Höfundur: Margrét Guðjónsdóttir/daggarvellir221@gmail.com

Sent inn þann: 01.07.2025 , **Fyrir hönd:**

Vegna: Máls nr. 0770/2025, Fiskvegur í jarðgöngum við Barnafoss (Kynning tillögu að áætlun)

Athugasemd:

Örfá atriði til umhugsunar. Fyrir liggur að ekki er leyfi landeigna, en þessi framkvæmd fer að öllu leyti fram undir og á landi Hraunsás 4, sem er ekki aðili að veiðifélaginu. Í umsögn Hafransóknarstofnunar er sagt að Bjarnarfoss sé ekki fiskgengur, en þó hefur lax komist þar upp og veiðst við vaðið að Úlfsvatni, þetta gerðist þegar lax var fluttur í Norðlingafljót. Ég hef áhyggjur af því að verði þessi framkvæmd að veruleika muni næst verða farið í að gera fiskveg við Bjarnarfoss, en við það opnast inná Arnarvatnsheiði þannig að lax gæti farið í öll vötn sem hafa afrennsli í Norðlingafljót með ófyrirsjáanlegum afleiðingum. Vilja menn það?? Vötnin á heiðinni eru í sjálfusér lokað vistkerfi verndað af fossum (í dag) en vissulega getur fiskur gengið niður fossana. Nær væri að rækta upp urriðastofn í fljótinu en að fara í þessa framkvæmd. Nú reynir á Umhverfisstofnun og fyrir hvað hún stendur. Snorri H Jóhannesson Augastöðum

Höfundur: Snorri H Jóhannesson

Sent inn þann: 01.07.2025 , **Fyrir hönd:**

Vegna: Máls nr. 0770/2025, Fiskvegur í jarðgöngum við Barnafoss (Kynning tillögu að áætlun)

Athugasemd:

Við mótmælum eindregið framkvæmdum við Barnafoss sem áætlaðar eru. Allt svæðið er ein fallegasta náttúruperla Borgarfjarðar ef ekki landsins og ber að vernda það. Margt er ógreinilegt og ófullnægjandi í skýrslunni.

Agnes Guðmundsdóttir
Guðjón Kjartansson
Jónas Guðjónsson

Höfundur: Agnes Guðmundsdóttir/agnes.veggir@gmail.com

Sent inn þann: 02.07.2025 , **Fyrir hönd:**

Vegna: Máls nr. 0770/2025, Fiskvegur í jarðgöngum við Barnafoss (Kynning tillögu að áætlun)

Athugasemd:

Ég leggst gegn þessari framkvæmd af tveim megin ástæðum.

Ég tel að okkur beri skylda til að vernda náttúrlegan urriða og bleikjustofn árinna sem matsáætlun heldur fram að sé lítill á þessu svæði en í Umsókn Hafrannsóknarstofnunar er bent á að það hafi lítið verið kannað auk þess að þá henti svæðið ekkert síður fyrir uppvöxt urriða og bleikju. Efri hluti Norðlingafljóts þ.e fyrir ofan Bjarnarfoss er eitt af fallegri og betri silungsveiðisvæðum landsins. Ekki hefur verið fullkannað hvort Bjarnarfoss sé í raun ólaxgengur heldur eru einungis getgátur um að ræða. Mín skoðun er sú að við eigum að hlúa að þessu svæði sem urriða og bleikju búsvæði. Ég tel einnig raunverulega hættu á frekari framkvæmdum við Bjarnarfoss í framhaldinu á þessari framkvæmd með tilheyrandi raski fyrir allt vatnakerfið ofan Bjarnarfoss. Svæðið við Barnafossa er friðlýst svæði og tel ég mikilvægt að virða það sem slíkt. Of oft hefur náttúruvernd fengið að víkja fyrir þröngum hagsmunum einstakra aðila. Spyrja má líka hvort einhugur ríki á meðal landeigenda og aðila veiðifélaga.

Róbert Óskar Cabrera
Silungsveiðimaður og ötull aðdáandi Arnarvatnsheiðar.

Höfundur: Róbert Óskar Cabrera/roc.bsh@gmail.com

Sent inn þann: 02.07.2025 , **Fyrir hönd:**

Vegna: Máls nr. 0770/2025, Fiskvegur í jarðgöngum við Barnafoss (Kynning tillögu að áætlun)

Athugasemd:

Ég undirritaður leggst alfarið gegn þessari framkvæmd sem áætluð er innan hins friðlýsta náttúruvættis Hraunfossa og Barnafoss enda ófyrirséð hvaða áhrif framkvæmdin mun hafa á einstakar jarðmyndanir á svæðinu og ásýnd þess.

Að auki gæti opnun slíks fiskvegar haft ófyrirséð áhrif á vistkerfi Hvítár fyrir ofan Barnafoss og vistkerfi Norðlingafljóts og þá sérstaklega stofna bleikju og urriða sem þar er að finna í dag. Ekki verður séð að framkvæmd þessi varði almannahagsmuni á þann hátt að réttlætanlegt sé að ráðast í hana.

Sigurður Kristjánsson

Höfundur: Sigurður Kristjánsson/sigkris@internet.is

Sent inn þann: 02.07.2025 , **Fyrir hönd:**

Vegna: Máls nr. 0770/2025, Fiskvegur í jarðgöngum við Barnafoss (Kynning tillögu að áætlun)

Athugasemd:

Vegagerðin

Efni: Fiskvegur í jarðgöngum við Barnafoss í Borgarbyggð – **matsáætlun, málsnúmer 770/2025**

Stofnunin óskar eftir að gerð verði grein fyrir þungaflutningum er varðar fyrirhugaða framkvæmd. Gerð verði grein fyrir tímaramma flutninga, á hvaða tíma árs þeir eru fyrirhugaðir, hve lengi þeir standa yfir, þyngd farms og hve margar ferðir verða farnar. Vegagerðin bendir á að við vissar veðuraðstæður eru sérstakar þungatakmarkanir á vegum.

Höfundur: Jakob Gunnarsson/jakob.gunnarsson@skipulag.is

Sent inn þann: 07.07.2025 , **Fyrir hönd:**

Vegna: Máls nr. 0770/2025, Fiskvegur í jarðgöngum við Barnafoss (Kynning tillögu að áætlun)

Athugasemd:

Við eigendur jarðarinnar Norðurreykja og félagar í Veiðifélagi Hvítár og Norðlingafljóts leggjumst eindregið gegn þessari framkvæmd sem er fyrirhuguð á friðlýstu náttúruvætti.

Bjartmar Hlynur Hannesson og Kolbrún Sveinsdóttir

Höfundur: Kolbrún Sveinsdóttir/nordurreykir@gmail.com

Sent inn þann: 27.06.2025 , **Fyrir hönd:**

Vegna: Máls nr. 0770/2025, Fiskvegur í jarðgöngum við Barnafoss (Kynning tillögu að áætlun)

Athugasemd:

Ég undirrituð, eigandi jarðarinnar Brúarreykja við Hvítá í Borgarfirði og félagi í Veiðifélagi Hvítár og Norðlingafljóts, leggst eindregið gegn því að farið sé í þessa framkvæmd á svæði sem er friðlýst náttúruvætti frá árinu 1987.

Þetta er fjölsóttur ferðamannastaður og náttúruperla sem ekki má skemma eða lítilsvirða með þessum hætti. Ekki verður heldur séð að þessi framkvæmd varði almannaheill eða almannahagsmuni.

Bryndís Ósk Haraldsdóttir
2902524749

Höfundur: Bryndís Ósk Haraldsdóttir/bryndisoh@gmail.com

Sent inn þann: 27.06.2025 , **Fyrir hönd:**

Vegna: Máls nr. 0770/2025, Fiskvegur í jarðgöngum við Barnafoss (Kynning tillögu að áætlun)

Athugasemd:

Við eigendur og ábúendur á Þorgautsstöðum 2 í Hvítársíðu og aðilar að Veiðifélagi Hvítár og Norðlingafljóts leggjumst eindregið gegn þessari tilraunakenndu framkvæmd á friðlýstu svæði. Hraunfossar og Barnafoss eru ein af dýrmætustu náttúruperlum Íslands og óásættanlegt að svæðinu sé raskað með nokkrum hætti. Framkvæmd þessi og þær hugmyndir sem uppi eru um nýtingu veiðihlunninda á félagssvæðinu í kjölfarið, er líklegri til að valda sundrung frekar en samstöðu meðal íbúa á svæðinu.

Árni Brynjar Bragason og Þuríður Ketilsdóttir

Höfundur: Árni Brynjar Bragason/ab@rml.is

Sent inn þann: 27.06.2025 , **Fyrir hönd:**

Vegna: Máls nr. 0770/2025, Fiskvegur í jarðgöngum við Barnafoss (Kynning tillögu að áætlun)

Athugasemd:

Eg undirritaður, eigandi jarðarinnar Kletts í Reykholtssdal, motmæli harðlega aformuðum framkvæmdum við Barnafoss í Hvíta. Um er ræða nattnruverndarsvæði og einstakt og viðkvæmt vistkerfi flokins vatnakerfis og einstæðrar nattnru. Ahrif slikra framkvæmda á vistkerfi og vatnasvið Hvítar gætu reynst afdrifaríkar og jafnvel verulega neikvæðar.

Virðingarfyllst,
Hermann Sveinbjörnsson
kt.1905513859

Höfundur: Hermann Sveinbjörnsson/hermannsv@simnet.is

Sent inn þann: 28.06.2025 , **Fyrir hönd:**

Vegna: Máls nr. 0770/2025, Fiskvegur í jarðgöngum við Barnafoss (Kynning tillögu að áætlun)

Athugasemd:

Ég undirrituð leggst eindregið gegn þeim framkvæmdum sem fyrirhugaðar eru á friðlýstu svæði æskuslóða minna. Ég tel óábyrgt og óásættanlegt að kasta einni helstu náttúruverlu Vesturlands (og Íslands) fyrir efnahagslegan ávinning fárra aðila. Það gæti haft afdrifaríkar afleiðingar fyrir samfélagið allt og vistkerfið í heild sinni.

Höfundur: Ásta Þorsteinsdóttir/astath90@gmail.com

Sent inn þann: 01.07.2025 , **Fyrir hönd:**

Vegna: Máls nr. 0770/2025, Fiskvegur í jarðgöngum við Barnafoss (Kynning tillögu að áætlun)

Athugasemd:

Fyrir hönd landeiganda á Hraunsási 4 viljum við gera eftirfarandi athugasemd.
Í þessu plaggi er talað um að leyfi fyrir framkvæmdum á landi Hraunsás hafið verið gefið árið 2018.
Þetta er ekki betur unnið en svo að þessar framkvæmdir eru ekki fyrirhugaðar á fyrrnefndi jörð heldur í landi Hraunsás 4.
Landeigundur á Hraunsási 4 hafa ekki gefið leyfi fyrir þessum framkvæmdum.
Kristrún Snorradóttir

Höfundur: Kristrún Snorradóttir/hraunfossar@hraunfossar.is

Sent inn þann: 01.07.2025 , **Fyrir hönd:**

Vegna: Máls nr. 0770/2025, Fiskvegur í jarðgöngum við Barnafoss (Kynning tillögu að áætlun)

Athugasemd:

Ég fyrrum íbúi Reykholtshrepps lýsi furðu minni á þessari fyrirhuguðu framkvæmd við eina dýrmætustu náttúruferlu Borgarfjarðarhéraðs.
Hér á náttúran að njóta vafans, ég leggst eindregið gegn þessari framkvæmd.

Þórir Jónsson

Höfundur: Þórir Jónsson/dudi@simnet.is

Sent inn þann: 01.07.2025 , **Fyrir hönd:**

Skipulagsstofnun

Mál nr. 770/2025

b.t. Jakob Gunnarsson

Sent á: skipulagsgatt@skipulagsgatt.is

Reykjavík, 30.06. 2025

Efni: Fiskvegur í jarðgöngum við Barnafoss

Landvernd hefur kynnt sér öll áform og áætlanir um framkvæmdir við Barnafoss og Hraunfossa sem yrðu að mati Landverndar óafturkræf náttúruspjöll. Um afar áhættusama framkvæmd er að ræða sem krefst þess að varúðarreglan virkjuð og hætt við.

Að mati Landverndar er óskiljanlegt að verkefninu sé haldið til streitu þrátt fyrir framkomnar athugasemdir m.a. helstu stofnanna sem hér verður vikið að.

Friðlýst náttúruvætti

Á heimasíðu Umhverfisstofnunar kemur fram. „Hraunfossar og Barnafoss, Hálsahreppi, Hvítársíðuhreppi, Borgarfjarðarsýslu, Mýrasýslu. Friðlýstir sem náttúruvætti með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 410/1987. Stærð 36,1 ha.”

Landvernd vekur athygli á að í 4.gr. í reglum um hið friðlýsta náttúruvætti kemur eftirfarandi fram.

“4. Óheimilt er að skerða gróður, trufla dýralíf eða raska jarðmyndunum.”

„Til undanþágu frá reglum þessum þarf leyfi [Umhverfisstofnunar] eða þess, sem fer með umboð [stofnunarinnar]. Um viðurlög vegna brota á reglum þessum fer eftir ákvæðum náttúruverndarlaga.”

Hér vill Landvernd minna á afdráttarlausu afstöðu Umhverfisstofnunar vegna matskylduspurningar sem Skipulagsstofnun lagði til umsagnar þann 30. sept. árið 2021 um þá framkvæmd sem hér er komin alla leið til kynningar í matsáætlun. Í viðbrögðum Umhverfisstofnunar segir meðal annars í svari við matskylduspurningu dags.21.nóvember 2021 um áformaða framkvæmd.

“Umhverfisstofnun taldi árið 2018 að ekki skyldi ráðast í þessa framkvæmd þar sem umfang hennar væri það mikið og óafturkræft að áhrifin gætu orðið umtalsverð og að neikvæð áhrif á verndargildi friðlýsta svæðisins gætu einnig orðið umtalsverð”.

Umhverfisstofnun og Náttúrufræðistofnun gerðu báðar margar alvarlegar athugasemdir við þá tilkynningaskýrslu sem lögð hafði verið fram til grundvallar framkvæmdinni. Frá upphafi áætlana framkvæmdaðila til dagsins í dag verður ekki séð að neitt hafi breyst í áformum sem dragi úr neikvæðum áhrifum áformaðra framkvæmda. Því hlýtur að vera útilokað að Umhverfisstofnun og nú Náttúruverndarstofnun og/eða Náttúrufræðistofnun gefi afslátt frá afstöðu sem komið hefur fram á fyrri stigum. Ný Náttúruverndarstofnun hlýtur að standa vörð í umsögn sinni um hið friðlýsta náttúruvætti og hafna með öllu óafturkræfum náttúruspjöllum á þessari náttúruferlu. Landvernd varar almennt við sívaxandi ásókn og ágengni gagnvart mörgum af okkar helstu náttúruferlum. Ef grunnstofnanir okkar sem gæta eiga að okkar helstu náttúruferlum lögum samkvæmt hljóta að fylgja þeirri ábyrgð sem þeim hefur verið

falin að standa sérstakan vörð um okkar friðlýstu svæði og opna hvergi á afslátt á umgengni við þau.

Landvernd vill árétt að friðlýsingin um Barnafoss og Hraunfossa var gerð með stoð í 22. gr. þág. náttúruverndarlaga nr. 47/1971. Samkvæmt ákvæðinu skyldi ekki einungis friðlýsa umrætt náttúruvætti heldur einnig svæðið í kringum það eins og þurfti til að náttúruvættið fengi notið sín, sbr. 2. mgr. Lögunum var m.a. ætlað að tryggja eftir föngum þróun íslenskrar náttúru eftir eigin lögmálum, og verndun þess, sem þar er sérstætt eða sögulegt, sbr. 1. gr. þág. laga.

Framangreint gildir enn sbr. 2. málsl. 1. mgr. 48. gr. núg. náttúruverndarlaga nr. 60/2013 sem kveður á um að friðlýsing náttúruvættis skuli jafnframt ná til svæðis í kringum það svo sem nauðsynlegt er til þess að það fái notið sín. Af þessu leiðir að friðlýsingin tekur bæði til fossanna og nánasta umhverfi þeirra.

Samkvæmt ákvæði núgildandi náttúruverndarlaga nr. 60/2013 er lögunum meðal annars ætlað að vernda til framtíðar fjölbreytni íslenskrar náttúru og tryggja eftir föngum þróun hennar á eigin forsendum, sbr. 1. gr. laganna. Í framangreindu felst að horfa eigi til langs tíma með hagsmunum komandi kynslóða í huga og jafnframt draga úr áhrifum mannsins þannig að náttúran fái að þróast samkvæmt eigin lögmálum. Þá skal árétt að í ljósi margvíslegrar ágengni mannsins hefur stjórnvöldum verið lagðar þær skyldur á herðar að innleiða á grunni undirritunar alþjóðlegt samkomulag með áherslu á líffræðilega fjölbreytni sem sannarlega er viðbót við þær kröfur sem gerðar voru árið 2021 þegar matskyldusurning var lögð fyrir þetta verkefni. Áhersla hvað varðar viðhald og endurheimt lífbreytileika felst meðal annars í að hætta að brjóta land í þeim mæli sem gert hefur verið, auk þess að stuðla að vernd og endurheimt og náttúrulegrar framvindu lífríkis án inngripa mannsins.

Sérstök vernd

Landvernd áréttar að Hraunfossar og Barnafoss og nánasta umhverfi þeirra njóta sérstakrar verndar skv. b. lið 2. mgr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúrufyrirbæra, sem undir greinina falla, **nema brýna nauðsyn beri til** og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „**brýn nauðsyn**“ **lögð áhersla á að einungis mjög ríkir almannahagsmunir geti réttlætt röskun**. Slíkum hagsmunum er að sjálfsögðu ekki til að dreifa í þessum náttúruspillandi áformum við Barna- og Hraunfossa og því fráleitt að mati Landverndar að reyna að réttlæta slíka framkvæmd á grunni almannahagsmuna. Það er jafnframt skylt að líta til verndarmarkmiða 3. gr. laganna sem tekur til fossa sem hafa sjálfstætt verndargildi og huga ber einnig að mikilvægi annarra þeirra náttúruminja sem undir eru og sérstöðu þeirra í íslensku og alþjóðlegu samhengi.

Vatnalög – vatnshlot

Frá því matskyldusurning var lögð fram árið 2021 hafa lög verið skýrð nánar um rétt umhverfis og náttúru sem ekki eiga sér sjálfstæða rödd. Þegar um er að ræða áform um stórfellt inngrip mannsins, ekki aðeins í einstæðar friðlýstar náttúruperlur heldur einnig í lífríki vatnafiska sem hafa um árþúsundir aðlagð sig að þeim árfarvegi sem fiskgengur hefur verið þá ber að staldra við. Vatnasvið Hvítár í Borgarfirði er gríðarmikið eitt og sér og ljóst af gögnum að mjög mikið vantar upp á að færð séu haldbær rök fyrir að aðgerð sú sem

vilji er að ráðast í kunni ekki að valda skaða á öðrum tengdum vatnasviðum / vatnshlotum í Borgarfirði. Hvítá er sem þekkt er hluti af öðrum lífríki á svæðinu sem um margt má segja að sé að stóru leyti samtengt vatnshlot þar sem áhrifa kann að gæta á milli með tilheyrandi hagsmunum og áhættu fyrir lífríki. Um þessi mögulegu samlegðaráhrif innan vatnshlota hefur ekki verið fjallað og reynt að meta heildstæð áhrif eins og þarf.

Áhrif á lífríki

Í efri hluta árinna er enginn náttúrulegur laxastofn en þar er merkur sjóbleikjustofn sem á undir högg að sækja og er jafnvel talinn í útrýmingarhættu. Samkvæmt áreiðanlegum upplýsingum veiddust hátt í 5000 bleikjur árið 2002 en í dag segja staðkunnugir að bleikjan veiðist aðeins í nokkurra tuga tali. Bleikjan í Hvítá er því að því virðist komin í hættu. Takmarkanir á veiði á bleikju voru á grunni þessa settar árið 2011. Að mati Landverndar og ráðgjafa sem leitað hefur verið til í má leiða líkum að því að nýr framandi og stækkandi laxastofn á uppvaxtarsvæði sjóbleikju geti valdið enn frekara og óafturkræfu tjóni á sjóbleikjustofninum og stuðlað á endanum að útrýmingu hans. Þegar litið er til veiðitalna frá því um aldamótin liggur fyrir að fækkun sjóbleikjustofnsins helst í hendur við aukningu á laxi í ánni sem má leiða líkum að sé komin til vegna sleppinga á laxi í Norðlingafljót en hluti slepptra laxa hrygnir í ánni. Í ljósi þessa og vegna fyrirliggjandi áforma um að stórauка laxastofninn í Hvítá með því grófa inngripi að gjörbreyta náttúrulegu flæði laxa í ánni ofan og neðan Barna og Hraunfossa með svokölluðum fiskivegi þá má leiða líkum að því að með þeirri aðgerð geti sjóbleikju verið gjöreytt í ánni með fjölgun laxa sem spáð er í matsáætlun. Það er þekkt vandamál að bleikja hefur í tilfellum nær algjörlega horfið úr ám hér á landi þar sem áður var sterkur stofn bleikju þar sem sleppingar á laxi hafa m.a. verið stundaðar. Sjóbleikjan á því orðið mjög undir högg að sækja og ætti að vera komin á válista víðast hvar einmitt meðal annars vegna ágengni mannsins með sleppingum á laxi.

Landvernd óskar því að Skipulagsstofnun kalli eftir því við viðkomandi stofnanir að rannsökuð verði ítarlega möguleg neikvæð áhrif á náttúrulegan bleikjustofn árinna í ljósi þeirra áforma sem hér liggja til umsagnar. Hér vill Landvernd að viðhöfð verði varúðarregla hvað þetta varðar með ríkri áherslu. Sömuleiðis skal bent á að í Norðlingafljóti er náttúrulegur urriðastofn sem líkur má einnig leiða að verði mögulega fyrir alvarlegum áhrifum með aukinni laxagengd og sleppingum. Stofnanir láti óvilhalla aðila meta stöðu lífríkis í ánni með áherslu á bæði sjóbleikju og urriðastofninn á öllu vatnasviði Hvítár og Norðlingafljóts.

Lýsing á framkvæmd

Svo virðist sem gleymst hafi að fjalla um áhrif áformaðs fiskigangs til lengri tíma, þ.m.t. á hvern hátt viðhaldi og rekstri verði háttað og hvaða afleiðingar slíkt inngríp kann að hafa á umhverfið. Fyrir liggur að óbreyttu að hreinsun gangnanna og svæðið framan við inntaksopið verður erfið vegna leirflóða sem vænta má að komi í ána sem og kemur fram í samantekt Veðurstofunnar um straumfræðilega líkindareikninga á jökulhlaupum úr Hafrafellslóni í Langjökli sem dagsett er 09.06.21. (https://www.vedur.is/media/vedurstofan-utgafa-2021/VI_2021_001.pdf). Öll aðkoma fyrir tækjabúnað og vélar og önnur aðföng sem til þarf til viðhalds áformaðra fiskiganga er háð fullkominni óvissu ásamt ótímabærri og ófyrirséðri truflun og raski innan hins friðlýsta svæðis. Fyrir liggur að til staðar verður neikvæð ásynd inntaksops og úttaksops að einhverju eða töluverðu leyti eftir vatnsstöðu. Þau

fyrirliggjandi neikvæðu ásýndaráhrif ein og sér ættu að vera nægt tilefni til að taka þessa framkvæmd af dagskrá. Þá verður grófgert inngríp gert með vegslóðalagningu að nokkru leyti gegnt Hraunfossunum sjálfum. Að fara eigi með sprengiefni inn í gegnum brotakennd jarðlög á hinu friðlýsta svæði með ófyrirséðum afleiðingum er alvarleg hugmynd. Lýsing á þætti sprenginga fyrir göngum í matsáætlun með hliðsjón af jarðfræðilegum þáttum og rannsóknum stenst enga skoðun og vill því Landvernd fara þess á leit við Skipulagsstofnun að krefja framkvæmdaðila um að sýna fram á með staðreyndum gögnum að ekki hljótist af óafturkræfur skaði. Hér verður að viðhafa varúðarregluna, þar sem óvissa og ágiskanir geta ekki verið til þess fallnar að mæta kröfum um nærgætni við hið friðlýsta svæði. Sem fram kemur er umfang áætlaðra ganga sem sprengja á gríðarlegt, ekki síst ef tekið er tillit til viðkvæmni og jarðfræði hins friðlýsta svæðis. Landvernd mótmælir því að hinu friðlýsta náttúruvætti Barna- og Hraunfossar í Hvítá í Borgarfirði verði breytt í sprengjussvæði á mjög svo brotakenndu bergi og jafn viðkvæmu svæði. Fyrir liggur viðurkenning á því í lýsingu í matsáætlun að óvissa ríki um mögulegar afleiðingar sprenginga við op jarðganga og fleiri þátta. Fyrir liggur að lokasprengingin geti leitt af sér umtalsverðar skemmdir á berginu í kringum opið sem mögulega eitt og sér geti valdið óafturkræfum náttúruspjöllum. Matsáætlun þessi nær því á engan hátt að mæta með rökum þeim áskorunum sem framkvæmdum munu fylgja. Að mati Landverndar er ótrúlegt að slíkar áætlanir skuli hafa komist á þetta stig áætlana með allri óvissunni gagnvart hinu friðlýstu náttúruvætti, þegar fyrir liggur að mjög ríkir almannahagsmunir þurfi að vera í húfi til að mega ráðast í slíkt verkefni á svæði með hæsta stig friðlýsingar. Þeir hagsmunir eru hér. Þá vill Landvernd koma á framfæri til upprifjunar álit og niðurstöðu Náttúrufræðistofnunar þar sem niðurstaðan er skýr af þeirra hálfu þegar matskylduspurning lá fyrir árið 2021. Ekkert hefur komið fram í matsáætlun sem getur að álit Landverndar breytt fyrri afstöðu Náttúrufræðistofnunar til málsins sem var þessi. „*Fyrirhuguð jarðgangagerð verður óafturkræf og felur í sér mikið rask á berggrunni svæðisins. Fyrir utan að ekki er að fullu ljóst hvernig berggrunnurinn mun reynast til jarðgangagerðar, þá eru alvarlegir óvissuþættir er varðar sprengingu ganganna út í farveg Hvítá. Framkvæmdin gæti haft varanleg áhrif á nánast umhverfi Barnafoss. Gera þarf mun betur grein fyrir gerð berggrunnins og framkvæmd jarðgangagerðar.*“

Áhrif á samfélag og ferðamennsku

Fram kemur í matsáætlun „*Fljótt á litið virðast heimamenn við Hvítá og Norðlingafljót jákvæðir gagnvart því verkefni sem hér um ræðir*“ og sömuleiðis kemur fram að „*Ólíklegt er að framkvæmdin hafi neikvæð áhrif á samfélagslega þætti á borð við samstöðu heimamanna og félagsleg þolmörk.*“ Landvernd telur að hér séu getgátur settar fram í matsáætlun, enda hefur fjöldi fólks af nærsvæðinu haft samband við Landvernd með aðra sögu. Óeining hefur ríkt um þetta mál innan veiðifélagsins í mörg ár og í samfélaginu almennt, td. Hjá ferðaðþjónustufólki sem telja inngripið skapa neikvæða ímynd, þar sem ferðamenn og náttúruunnendur telja sig ganga að friðlýstu svæði sem eigi að fá að halda áfram að þróast á forsendum náttúrunnar sjálfrar. Svo er ekki í áætlunum sem hér liggja frammi. Með öðrum orðum þá er engin sátt um þessa framkvæmd meðal íbúa í sveitarfélaginu og því miður stefnir í að óbreyttu ef ekki framkvæmdaðilar og sveitarfélag sjá að sér að um verði að ræða klofning og óeiningu til langrar framtíðar með ófyrirséðum neikvæðum afleiðingum fyrir samfélagið.

Lokaorð

Fyrir liggur að þetta er einstakt svæði sem metið var að friðlýst skyldi sem náttúruvætti. Landvernd ber að standa vörð um náttúru landsins og mótmæla áformunum í heild. Náttúruverndarsamtök glíma við að í stóruoknum mæli er verið að seilast lengra inn á svæði sem skilgreind hafa verið í vernd með ýmsar hugmyndir um framkvæmdir og margar stórtækar. Við bætist að ekki einu sinni friðlýst náttúruvætti þar sem ætlað er að ramma inn friðhelgi til framtíðar fá að njóta vafans fyrir ágengni mannsins. Landvernd leggur áherslu á að Skipulagsstofnun kalli eftir því við sveitarfélagið Borgarbyggð að það leggi fram fundargerð lögbundinnar náttúruverndarnefndar sveitarfélagsins og afgreiðslu nefndarinnar um áformin um fiskiveg um jarðgöng við Barnafossa sem nefndinni ber stjórnsýslulögum samkvæmt að taka fyrir og gefa sveitarstjórn ráðgefandi álit á grunni þess málaflokks nefndin starfar eftir.

Með vinsemd og virðingu, fh. stjórnar Landverndar

Þorgerður María Þorbjarnardóttir formaður

Skipulagsstofnun
Skipulagsfulltrúi*
Borgartúni 7b, 105 Reykjavík

Garðabær, 2. júlí 2025
202506-0024/A.B.
08.03

Efni: Umsögn - Mat á umhverfisáhrifum - Fiskvegur í jarðgöngum við Barnafoss

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 6. júní 2025, þar sem óskað er umsagnar Náttúruverndarstofnunar um matsáætlun vegna fyrirhugaðrar framkvæmdar við gerð fiskvegjar í jarðgöngum við Barnafoss í Borgarbyggð. Framkvæmdin felur í sér lagningu um 300 metra langs fiskvegjar í bergi suðurbakka Hvítár, með það að markmiði að opna Norðlingafljót fyrir laxfiskum.

Umhverfisstofnun (nú Náttúruverndarstofnun) taldi árið 2018 að ekki skyldi ráðast í þessa framkvæmd þar sem umfang hennar væri það mikið og óafturkræft að áhrifin gætu orðið umtalsverð og að neikvæð áhrif á verndargildi friðlýsta svæðisins gætu einnig orðið umtalsverð.

Framkvæmdalýsing

Í matsáætlun kemur fram að fyrirhuguð framkvæmd felur í sér að grafa jarðgöng fyrir fiskveg með um 3,6 m breidd og 4,1 m hæð, alls um 300 m að lengd. Fiskvegurinn verði svokallaður raufastigi. Gert er ráð fyrir tveimur valkostum um aðkomu: annars vegar borhola frá stíg við Barnafoss og hins vegar vinnsluslóði frá Ásgili meðfram ánni.

Náttúruverndarstofnun bendir á að leggja þurfi skýra áherslu á að útfærsla framkvæmdarinnar sé í samræmi við friðlýsingarskilmála og að vinnusvæði og aðkomur verði staðsett utan við órofin náttúruform eftir föngum.

Hraunfossar og Barnafoss voru friðlýstir sem náttúruvætti árið 1987. Hraunfossar eru fagrir lindarfossar sem falla undir Hallmundarhrauni niður í Hvítá. Barnafoss er skammt ofan við Hraunfossa í stórbrotnu umhverfi. Fossinn er þekktur fyrir brýr og steinboga sem áin hefur markað í bergið.

Friðlýsingin var gerð með stoð í 22. gr. þág. náttúruverndarlaga nr. 47/1971. Samkvæmt ákvæðinu skyldi ekki einungis friðlýsa umrætt náttúruvætti heldur einnig svæðið í kringum það eins og þurfti til að náttúruvættið fengi notið sín, sbr. 2. mgr. Lögunum var m.a. ætlað að tryggja eftir föngum þróun íslenskrar náttúru eftir eigin lögmálum, en verndun þess, sem þar er sérstætt eða sögulegt, sbr. 1. gr. þág. laga.

Framangreint gildir ennþá sbr. 2. málsl. 1. mgr. 48. gr. núg. náttúruverndarlaga nr. 60/2013 sem kveður á um að friðlýsing náttúruvættis skuli jafnframt ná til svæðis í kringum það svo sem nauðsynlegt er til þess að það fái notið sín. Af þessu leiðir að friðlýsingin tekur bæði til fossanna og nánasta umhverfi þeirra. Samkvæmt markmiðsákvæði núgildandi náttúruverndarlaga nr. 60/2013 er lögunum m.a. ætlað að vernda til framtíðar fjölbreytni íslenskrar náttúru og tryggja eftir föngum þróun hennar á eigin forsendum, sbr. 1. gr. laganna.

Í framangreindu felst að horfa eigi til langs tíma og með hagsmuni komandi kynslóða í huga. Jafnframt að draga eigi úr áhrifum mannsins þannig að náttúran fái að þróast samkvæmt eigin lögmálum.

Skv. friðlýsingarskilmálum gilda um náttúruvættið eftirfarandi reglur:

1. Mannvirkjagerð og jarðrask, svo og aðrar breytingar á svæðinu eru háðar leyfi Náttúruverndarstofnunar.
2. Umferð um friðlýsta svæðið er öllum heimil, enda sé góðrar umgengni gætt.
3. Akstur utan vega og merktra ökuslóða er óheimill.
4. Óheimilt er að skerða gróður, trufla dýralíf eða raska jarðmyndunum.

Í 41. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir að Náttúruverndarstofnun geti, að fenginni umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands og viðkomandi náttúruverndarnefndar, veitt undanþágu frá ákvæðum friðlýsingar:

- a. ef það stríðir ekki verulega gegn markmiði friðlýsingarinnar og hefur óveruleg áhrif á verndargildi þeirra náttúruminja sem friðlýsingin beinist að, eða
 - b. ef öryggissjónarmið eða mjög brýnir samfélagshagsmunir krefjast þess.
- Að mati Náttúruverndarstofnunar verður framkvæmdin, sem felur í sér mannvirkjagerð innan friðlýsts svæðis, að sæta mati samkvæmt 41. gr. náttúruverndarlaga.

Þar sem jarðgangagerðin getur falið í sér röskun á jarðmyndunum, sem samkvæmt friðlýsingarskilmálum er óheimil, þarf framkvæmdaraðili að óska eftir undanþágu.

Að auki bendir Náttúruverndarstofnun á að ef framkvæmdin felur í sér rask á jarðmyndunum, sem njóta sjálfkrafa verndar samkvæmt 61. gr. náttúruverndarlaga, ber jafnframt að leggja mat á framkvæmdina með hliðsjón af þeirri vernd.

Að mati Náttúruverndarstofnunar þarf mat á áhrifum framkvæmdarinnar að byggjast á þeirri forsendu að öll mannvirkjagerð innan hins friðlýsta svæðis – jafnvel þótt hún sé að mestu neðanjarðar – teljist jarðrask sem verður að meta í samræmi við bæði 41. og 61. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013.

Því þarf að leggja fram skýran rökstuðning fyrir því að framkvæmdin uppfylli skilyrði laga um vernd og leyfisveitingar, með hliðsjón af markmiðum friðlýsingarinnar, náttúruverndargildi svæðisins og samanburði á öðrum valkostum.

Leyfisveitingar

Samkvæmt friðlýsingu náttúruvættisins Hraunfossa og Barnafoss er hvers konar mannvirkjagerð og jarðrask á svæðinu háð leyfi Náttúruverndarstofnunar, og sérstakt bann gildir við raski á jarðmyndunum, gróðri og truflun dýralífs. Slík leyfi verða aðeins veitt samkvæmt skilyrðum 41. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Í 41. gr. kemur fram að veita megi undanþágu frá reglum friðlýsingar aðeins að fenginni umsögn Náttúrufræðistofnunar og viðkomandi náttúruverndarnefndar, og að eftirfarandi skilyrði þurfi að vera uppfyllt:

- að framkvæmdin stríði ekki verulega gegn markmiði friðlýsingarinnar og hafi óveruleg áhrif á verndargildi svæðisins, eða
- að öryggissjónarmið eða mjög brýnir samfélagshagsmunir krefjist hennar.

Að mati Náttúruverndarstofnunar verður framkvæmdin við fyrirhugaðan fiskveg og jarðgöng, sem samkvæmt gögnum fara að hluta fram innan marka friðlýsta svæðisins, að teljast leyfis skyld samkvæmt friðlýsingarskilmálum. **Framkvæmdaraðili þarf því að sækja um undanþágu frá friðlýsingu**, og fylgja viðeigandi málsmeðferð samkvæmt ákvæðum 41. gr. – með rökstuddum gögnum um verndargildi svæðisins, valkostamat og þjóðhagslegt gildi framkvæmdarinnar.

Náttúruverndarstofnun bendir á að slíkt leyfi verður aðeins veitt að því marki sem framkvæmdin samrýmist markmiðum friðlýsingarinnar og að fullnægjandi gögn hafi verið lögð fram í samræmi við ákvæði laganna.

Sérstök vernd

Náttúruverndarstofnun bendir á að Hraunfossar og Barnafoss og nánasta umhverfi þeirra njóta einnig sérstakrar verndar skv. b. lið 2. mgr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúrufyrirbæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir. Til að tryggja að tekið sé til ítarlegrar skoðunar hvort skilyrðið um brýna nauðsyn sé uppfyllt segir í umfjöllun um ákvæði um sérstaka vernd í frumvarpi til laganna að allar framkvæmdir sem fela í sér slíka röskun skuli háðar framkvæmdaleyfi, eða eftir atvikum byggingarleyfi, og að skylt sé að leita umsagna viðkomandi fagstofnana. Þegar lagt er mat á leyfisumsókn er jafnframt skylt að líta til verndarmarkmiða 3. gr. laganna sem tekur til fossa o.fl. og huga að mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi.

Barnafoss og Hraunfossar eru jarðfræðilega sérkenndar jarðmyndanir sem njóta friðlýsingar og teljast jafnframt falla undir sjálfkrafa vernd samkvæmt 61. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013. Því ber að meta áhrif framkvæmdarinnar á verndargildi þeirra sérstaklega.

Í greinargerð kemur fram að framkvæmdin hafi óveruleg áhrif og að ekki reyni á 3. mgr. 61. gr. laga nr. 60/2013. Að mati Náttúruverndarstofnunar er það ekki í samræmi við lög. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber leyfisveitanda að meta áhrif á verndarsvæði, rökstyðja afstöðu og gera grein fyrir valkostum og mótvægisáðgerðum. Slíkt mat liggur ekki fyrir.

Í matsáætlun vantar að:

- Taka skýrt fram að jarðmyndanirnar falli undir 61. gr.
- Meta sérstaklega áhrif framkvæmdar á ásýnd sem hluta verndargildis.
- Gera grein fyrir valkostum og mótvægisáðgerðum vegna þessa.

Matsáætlunin uppfyllir ekki að þessu leyti 8. gr. laga nr. 111/2021. Nauðsynlegt er að matsáætlun verði uppfærð þannig að áhrif framkvæmdarinnar á vernd samkvæmt 61. gr. verði metin sérstaklega í væntanlegri matsskýrslu.

Aðgæslu- og varúðarskylda

Náttúruverndarstofnun telur rétt að benda á meginreglur náttúruverndarlaga, sbr. 6.–12. gr. laganna. Reglunum er ætlað að stuðla að því að markmið laganna náist og ber að leggja þær til grundvallar við beitingu þeirra. Í 9. gr. er kveðið á um varúðarreglu, sem á uppruna sinn í 15. meginreglu Ríó-yfirlýsingarinnar. Hún er einnig nefnd í inngangi samningsins um líffræðilega

fjölbreytni og í aðfaraorðum EES-samningsins, og hefur verið útfærð m.a. í 2. mgr. 2. gr. OSPAR-samningsins.

Reglan á sérstaklega við þegar óvissa ríkir um áhrif framkvæmda á náttúruverðmæti og vísindaleg þekking er ófullnægjandi.

Samkvæmt 9. gr. skal, þegar tekin er ákvörðun án þess að fyrir liggi með nægilegri vissu hvaða áhrif hún hefur á náttúruna, leitast við að koma í veg fyrir mögulegt og verulegt tjón á náttúruverðmætum. Ef hætta er á alvarlegum eða óafturkræfum náttúruspjöllum skal **skorti á vísindalegri þekkingu ekki beitt sem rökum fyrir að fresta aðgerðum eða láta hjá líða að grípa til skilvirkra ráðstafana til verndar náttúrunni.**

Ákvæðið felur í sér að náttúran skuli njóta vafans þegar ekki liggja fyrir fullnægjandi upplýsingar um áhrif framkvæmda.

Að mati Náttúruverndarstofnunar ber að beita varúðarreglunni við mat á áhrifum framkvæmdarinnar á friðlýst svæði og jarðmyndanir sem kunna að njóta verndar samkvæmt 61. gr. náttúruverndarlaga. Þar sem óvissa ríkir um sjónræn áhrif og áhrif á jarðmyndanir, telur stofnunin að matsáætlun skuli gera skýrt ráð fyrir að náttúran njóti vafans í samræmi við 9. gr. laga nr. 60/2013.

Bakkagróður

Náttúruverndarstofnun bendir á að í 62. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013 er kveðið á um vernd bakkagróðurs og að leitast skuli við að viðhalda náttúrulegum gróðri við ár og stöðuvötn, enda gegnir hann mikilvægu hlutverki í vernd lífríkis og viðhaldi vistkerfa.

Í matsáætlun er ekki sérstaklega fjallað um hvort bakkagróður Hvítár geti raskast við framkvæmdirnar, þ.m.t. við aðkomuvegi, úttaksop fiskvegjar eða lagnir. Ekki er gerð grein fyrir tegundasamsetningu gróðurs við árbakka, né hvernig áhrif hans á búsvæði fugla eða smádyra verði metin.

Að mati Náttúruverndarstofnunar er mikilvægt að meta áhrif framkvæmdarinnar á bakkagróður bæði á framkvæmda- og rekstartíma, og að skýrt komi fram í matsáætlun að þessir þættir verði teknir til skoðunar í matsskýrslu. Þá telur stofnunin að gera þurfi grein fyrir mótvægisáðgerðum og endurheimt gróðurs ef til rasks kemur, í samræmi við 62. gr. náttúruverndarlaga.

Berglög

Í viðauka H matsáætlunar er að finna minnisblað Eflu verkfræðistofu um aðstæður til jarðgangagerðar fyrir fiskveg við Barnafoss. Það byggir á eldri jarðfræðigögnum og yfirborðsmyndum en ekki á nýjum vettvangsrannsóknunum.

Í minnisblaðinu segir að flikrubergr sunnan Hvítár sé líklega lélegt berg til jarðgangagerðar, og að göngin fari líklega í gegnum þunnt lag af þóleiít hraunlögum, sem séu mishagstæð til borunar og sprengingar. Sprungur og misgengi á svæðinu geta rýrt stæðni bergsins.

Að mati Náttúruverndarstofnunar er nauðsynlegt að unnin verði sjálfstæð jarðfræðikortlagning á framkvæmdasvæðinu, með sérstaka áherslu á sérkenni jarðmyndana, stæðni og samfelldni hraunlaga, áhrif sprungukerfa og nálægð við náttúruverndarsvæði. Þá telur stofnunin brýnt að gerð verði ítarleg greining á áhættu við opnun ganganna út í farveg árinna (svokölluð „lake tapping“ sprenging), og að slíkt verði metið með hliðsjón af náttúruvernd og ásýnd.

Lífriki

Í greinargerð matsáætlunar er fjallað um lífríki í Norðlingafljóti neðan Barnafoss, m.a. útbreiðslu lax, urriða og bleikju samkvæmt eldri rannsóknum. Fullyrt er að framkvæmdin hafi áhrif á laxastofna neðan Bjarnafoss, en að bleikja og urriði ofan fossins verði ekki fyrir áhrifum.

Það er hins vegar skortur á umfjöllun um lífríki á framkvæmda- og áhrifasvæði fiskvegarins sjálfs – þ.e. Hvítá fyrir ofan Barnafoss. Ekki er fjallað um gróður við bakka árinna, botndýralíf, næringarkeðjur, né hugsanleg áhrif framkvæmda á líffræðilega fjölbreytni á svæðinu.

Í minnisblaði sem fylgir tilkynningarskýrslu (viðauki G) segir að gróður „ætti“ ekki að skerðast og að „í fljótu bragði“ verði ekki séð að framkvæmdin hafi áhrif á dýralíf að öðru leyti en því að lífríki Norðlingafljóts muni breytast. Einnig segir að ekki sé hægt að fullyrða hvort sú breyting leiði á endanum til þess að líffræðileg fjölbreytni vistkerfisins aukist eða skerðist.

Að mati Náttúruverndarstofnunar uppfyllir þessi umfjöllun ekki kröfur 8. gr. laga nr. 111/2021 um innihald matsáætlunar. Ekki er tilgreint hvaða þættir lífríkis verði metnir, hver rannsóknaraðferðin verði eða hvaða viðmið og matsspurningar liggi til grundvallar. Þá vantar tilvísun í 2. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013, sem kveður á um verndun líffræðilegrar fjölbreytni og vistkerfa.

Náttúruverndarstofnun telur brýnt að matsáætlun verði uppfærð þannig að áhrif framkvæmdarinnar á lífríki Hvítár og nærliggjandi svæði verði sérstaklega tekin til skoðunar. Þetta á bæði við um vatnalíf, gróður við árbakka og möguleg áhrif rasks á búsvæði fugla og smádyra. Einnig þarf að greina möguleg óbein áhrif breytts vatnsrennslis á lífríki og vistgerðir.

Ásýnd og upplifun gesta

Hraunfossar og Barnafoss eru friðlýstir sem náttúruvætti, m.a. vegna fegurðar og ásýndar sem nýtur sérstakrar verndar samkvæmt friðlýsingarskilmálum og 61. gr. náttúruverndarlaga. Markmið friðlýsingarinnar er m.a. að komandi kynslóðir geti notið náttúrulegrar ásýndar og sérkenna svæðisins án þess að þau raskist af manna völdum.

Í greinargerð framkvæmdaraðila segir að framkvæmdin muni ekki hafa áhrif á ásýnd svæðisins, þar sem inntaks- og úttaksop jarðganganna verði ekki sýnileg frá útsýnispöllum. Þó segir að mögulega mætti greina inntaksopið frá göngustíg sem leiðir út á útsýnispall, en að gestir séu ekki endilega með hugann við útsýnið á leið sinni þangað.

Að mati Náttúruverndarstofnunar er þessi nálgun ófullnægjandi. Það þarf að liggja fyrir rökstutt og myndrænt mat á sjónrænum áhrifum framkvæmdarinnar frá helstu áningarstöðum, stígum og sýnilegum sjónásnum við Hraunfossa og Barnafoss. Ekki er nægilegt að byggja mat á huglægu mati um athygli gesta, sérstaklega þegar meginástæða heimsókna er einmitt að njóta útsýnis og náttúruupplifunar.

Stofnunin leggur áherslu á að sjónræn áhrif og ásýnd séu tekin sérstaklega til mats í samræmi við 61. gr. náttúruverndarlaga og markmið friðlýsingarinnar, og að áhrif á upplifun gesta verði greind sem sjálfstæður umhverfispáttur í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 111/2021. Þá þarf að gera grein fyrir áhrifum á aðgengi og kyrrð á framkvæmdatíma, auk varanlegra áhrifa.

Viðhald og aðkoma að jarðgöngum á rekstrartíma

Í greinargerð kemur fram að fiskvegurinn verði aðeins opinn yfir göngutíma laxfiska og lokað verði yfir vetur. Vatnsrennslis verði stýrt með hæðarborði og möguleiki sé á að loka flæðinu tímabundið vegna viðhalds, jökulhlaupa eða til hreinsunar. Framburður verði ýmist skolaður út við opnun að vori

eða fjarlægður með handskóflu. Í undantekningartilfellum gæti þurft að nota færanlega háþrýstidælu knúna af rafmagni eða rafstöð. Göngubraut verði meðfram fiskveginum til eftirlits og aðgengis að mannvirkinu.

Að mati Náttúruverndarstofnunar er þó ekki nægilega skýrt hvernig aðkoma, viðhald og rekstur fiskvegarins verður háttað til lengri tíma litið, og hvaða áhrif slík starfsemi hefur á friðlýsta svæðið og verndargildi þess. Sérstaklega þarf að útfæra eftirfarandi atriði í umhverfismati:

- Hvaðan og hvernig verði tryggt aðgengi að fiskveginum vegna viðhalds, hreinsunar eða eftirlits?
- Hvort og þá hvernig verði farið yfir gróið eða órofið yfirborð í tengslum við slíka starfsemi?
- Hvaða áhrif viðhald og aðkoma hafa á ásýnd svæðisins, upplifun gesta og náttúrulegt ástand?

Stofnunin bendir sérstaklega á að samkvæmt friðlýsingarskilmálum er akstur utan vega og slóða óheimill og verður aðeins leyfður samkvæmt undanþáguheimild 41. gr. náttúruverndarlaga. Ekki liggur fyrir hvort eða hvernig slíkt verði nauðsynlegt við rekstur mannvirkisins.

Þá er ljóst að með tilvist raufastiga og lokubúnaðar skapast varanleg viðhaldspörf sem fylgir mannvirkinu um ófyrirséðan tíma. Nauðsynlegt er að sýnt sé fram á að rekstur og viðhald feli ekki í sér aukið risk eða röskun á náttúrulegum ferlum við Hvítá.

Náttúruverndarstofnun leggur ríka áherslu á að í umhverfismatinu verði rekstraráætlun, aðkoma, viðhald, hreinsun og eftirlit útfærð með tilliti til verndar- og aðgengisskilmála friðlýsta svæðisins og að tryggt verði að verndargildi náttúruvættisins skerðist ekki.

Framkvæmdarlýsing, verklag og búnaður

Í greinargerð kemur fram að gera eigi 150–200 m löng jarðgöng undir suðurbakka Hvítár með hefðbundnum aðferðum: borun, sprengingu, styrkingu með sprautusteypu og bergboltum. Tvær verklagsleiðir eru til skoðunar: annars vegar niðurganga frá yfirborði við göngustíg, hins vegar slóðagerð frá Ásgili í farvegi árinna. Nákvæm upptalning er á vélum og búnaði, auk lýsingar á tímabundinni verktakaaðstöðu og meðferð sprengiefna. Framkvæmdir eiga að fara fram á kvöld og næturtíma yfir vetur.

Að mati Náttúruverndarstofnunar skortir þó verulega á að gerð sé grein fyrir umhverfisáhrifum framkvæmdaleiðanna. Lýsing verklags er einhliða frá tæknilegu sjónarhorni og mat á áhrifum þeirra á friðlýst svæði, jarðmyndanir, gróður og ásýnd vantar að mestu.

Stofnunin áréttar eftirfarandi ábendingar sem þarf að taka tillit til í umhverfismati:

- Metið verði sérstaklega áhrif beggja framkvæmdaleiða á gróður, jarðmyndun, ásýnd og friðlýst svæði, m.a. vegna slóðagerðar í farvegi Hvítár.
- Gerð verði grein fyrir hljóðvíst og áhrifum næturvinnu, lýsingar og sprenginga á upplifun gesta og lífríki.
- Sýnt verði fram á hvernig öllum ummerkjum framkvæmdarinnar verði eytt og að frágangur verði fullnægjandi.
- Framkvæmdir sem fara fram innan marka friðlýsts svæðis verða að standast mat samkvæmt 41. gr. náttúruverndarlaga.

Náttúruverndarstofnun leggur ríka áherslu á að engar framkvæmdir fari fram nema sýnt sé fram á með fullnægjandi hætti að þær hafi ekki í för með sér neikvæð áhrif á verndargildi friðlýsta svæðisins, jarðmyndanir, ásynd og náttúrulegt gróðurfar.

Frágangur ef rekstri verður hætt

Náttúruverndarstofnun bendir á að það þarf að meta umhverfisáhrif þess ef rekstri fiskvegarins verður hætt eða mannvirkið reynist ónothæft til framtíðar. Ekki er fjallað um þetta atriði í greinargerð matsáætlunar.

Í slíku mati þarf að gera grein fyrir því hvernig mannvirkið verði frágengið með tilliti til náttúrulegs landslags og verndargildis svæðisins. Þau atriði sem þarf að skoða sérstaklega eru m.a.:

- hvort og hvernig verði gengið frá inntaks- og úttaksopum,
- áhrif á ásynd og gróður ef mannvirki verða yfirgefin eða fjarlægð,
- og hvort frágangur kalli á nýtt jarðrask eða notkun þungbúins búnaðar.

Að mati stofnunarinnar er slíkt mat sérstaklega mikilvægt á friðlýstu svæði þar sem langtímaáhrif mannvirkja og hugsanlegur ágangur í framtíðinni geta rýrt þau gildi sem friðlýsingin á að vernda.

Valkostir og núllkostur

Í greinargerð segir: *Í framkvæmdinni sem hér um ræðir er um tvo valkosti að ræða, auk núllkosti sem felst í því að ráðast ekki í framkvæmdina. Báðir valkostir verða teknir til umfjöllunar í umhverfismati framkvæmdarinnar.*

Óljóst er hvort núllkostur verði tekin til jafnræðis í greiningu. Náttúruverndarstofnun bendir á að samkvæmt 11. og 14. gr. laga nr. 111/2021 ber að meta raunhæfa og málefnalega valkosti til að ná markmiðum framkvæmdarinnar, þ.m.t. núllkost. Þá segja leiðbeiningar Skipulagsstofnunar að forðast beri röskun á svæðum sem njóta verndar og að þróa skuli valkosti sem feli í sér minni umhverfisáhrif¹.

Auk þess er mikilvægt að leggja fram valkost sem nær markmiðum verkefnisins án þess að valda raski á umhverfi náttúruvættisins.

Samantekt með áhersluatriðum

Náttúruverndarstofnun leggur áherslu á að eftirfarandi atriði verði tekin sérstaklega til skoðunar í umhverfismatsskýrslu verkefnisins:

- Áhrif á friðlýst svæði: Meta þarf áhrif framkvæmdarinnar á friðlýsta náttúru og jarðmyndanir í samræmi við 41. og 61. gr. náttúruverndarlaga. Krafist er skýrra raka um samræmi framkvæmdarinnar við markmið friðlýsingar.
- Valkostir og núllkostur: Óljóst er hvort núllkostur verði skoðaður til jafns við aðra valkosti. Nauðsynlegt er að leggja fram valkost sem nær markmiðum án jarðrasks.
- Jarðfræði og opnun í farveg: Þörf er á nýrri jarðfræðigreiningu með áherslu á ásynd, stæðni og áhrif sprungukerfa. Sérstakt mat þarf á „lake tapping“-sprengingu.
- Lífríki og bakkagróður: Skortir greinargóða umfjöllun um lífríki Hvítár og áhrif framkvæmda á gróður við árbakka. Meta þarf áhrif á búsvæði og vistkerfi í samræmi við 2. og 62. gr. náttúruverndarlaga.

- Ásýnd og upplifun: Fjalla þarf með myndrænum hætti um sjónræn áhrif framkvæmdarinnar frá helstu útsýnis- og gönguleiðum og leggja mat á áhrif á upplifun gesta.
- Rekstur og viðhald: Ekki liggur fyrir hvernig viðhald og aðgengi að fiskvegi verður tryggt án röskunar á friðlýstu svæði. Kallað er eftir fullri útfærslu á þessum þáttum.
- Frágangur ef rekstri lýkur: Nauðsynlegt er að meta áhrif þess ef mannvirkið verður ónothæft og frágangur þess – m.t.t. náttúrugilda, ásýndar og mögulegs jarðrasks.

Matsáætlun uppfyllir ekki að fullu kröfur laga um mat á umhverfisáhrifum. Stofnunin telur brýnt að framangreindir þættir verði teknir til rækilegrar skoðunar í væntanlegri matsskýrslu.

Virðingarfyllst,

Hákon Ásgeirsson
Sviðsstjóri

Fróði Guðmundur Jónsson
Sérfræðingur

Til: Skipulagsstofnunar

Efni: Umsögn um matsáætlun fiskvegar í jarðgöngum við Barnafoss

Frá: Meirihluta stjórnar Veiðifélags Hvítár og Norðlingafljóts

Skipulagsstofnun hefur óskað eftir umsögnum um matsáætlun fiskivegar í jarðgöngum við Barnafoss.

Markmið umsagnarinnar er að koma á framfæri sjónarmiðum meirihluta stjórnar Veiðifélags Hvítár og Norðlingafljóts um gerð umrædds fiskvegar eftir samráð við nokkurn hluta veiðiréttarhafa. Tekið skal fram að í matsáætluninni eru afar takmarkaðar upplýsingar að finna um framkvæmdina sjálfa, þ.e. það sem meta skal, þannig að erfitt er að gera málefnalegar athugasemdir um framkvæmdina og áhrif hennar á umhverfið. Þá skal einnig tekið fram að samráð og samvinna milli stjórnar veiðifélagsins og framkvæmdaaðila hefur verið nánast engin og hefur framkvæmdaaðili sinnt upplýsingarskyldu skv. samningi þar um illa eða ekkert þrátt fyrir óskir stjórnar. Þannig var stjórn veiðifélagsins t.d. ekki kunnugt um að unnið væri að gerð matsáætlunar eða hver framkvæmdi það verk. Ekkert raunverulegt málefnalegt samráð um framkvæmdina hefur því farið fram. Á síðasta stjórnarfundinum sem haldinn var sl. apríl var stuttlega rætt hvort einhver í stjórninni hefði vitneskju um framgang mála við undirbúning fiskivegarins. Enginn vissi neitt. Ekki er vitað til að framkvæmdaraðili hafi náð samkomulagi við landeigendur þess svæðis sem göngin myndu liggja um en eigendur stærsta hluta svæðisins eru ekki í veiðifélaginu. Þá eru mál er varða upptöku netalagna neðst í Hvítá sem samið hefur verið um við veiðiréttarhafa í öðrum hliðarám Hvítár órædd og ófrágengin.

Matsáætlunin byggir að stórum hluta til á skýrslu sem unnin var af verkfræðistofunni Verkís um áhrif fiskvegar í göngum við Barnafoss, dagsett í september 2021 og sem send var Skipulagsstofnun til umfjöllunar. Sú skýrsla var unnin á grundvelli gagna sem framkvæmdaaðili lagði fram enda gerði Verkís eftirfarandi fyrirvara um forsendur sem nýttar voru við könnunina, en þar segir „Hér er lagt mat á áætluðum aðstæðum við jarðgangnagerð á leið fiskvegar. Matið byggir eingöngu á eldri heimildum um jarðfræði svæðisins sem og skoðunum á ljósmyndum af berggrunni við farveg Hvítár við Barnafosssvæðið. Ljósmyndir og önnur gögn um fiskvegin eru fengin frá Stefáni Stefánssyni (framkvæmdaaðilanum).“ Svo virðist því sem þá hafi engin sjálfstæð frumathugun farið fram með tilheyrandi sjálfstæðri gagnaöflun og

rannsóknum á staðnum. Skýrsla Verkís var því afar takmörkuð. Í matsáætluninni er enn fremur vísað að mestu til sömu heimilda og notaðar voru við gerð skýrslu Verkís. Markverðustu viðbætur eru þó minnisblað verkfræðistofunnar Eflu um aðstæður til jarðgangnagerðar fyrir fiskveg við Barnafoss sem sýna niðurstöður úr rannsóknarborholum sem gerðar voru til könnunar á jarðlögum, dagsett í apríl 2025. Þetta minnisblað hefur stjórn Veiðifélags Hvítár og Norðlingafljóts ekki fengið aðgang að þrátt fyrir eftirgangsmuni þar um:

Meirihluti stjórnar Veiðifélags Hvítár og Norðlingafljóts gerir eftirfarandi athugasemdir við matsáætlun fiskvegar í jarðgögnum við Barnafoss.

Mikill ágreiningur er meðal félagsmanna veiðifélagsins um framkvæmdina sem getur haft verulega áhrif á samfélagið. Fram til þessa hafa andstæðingar framkvæmdarinnar reynt að haga málum þannig að ekki komi til flokkadrátta á svæðinu enda allur undirbúningur framkvæmdaaðila dregist úr hófi fram þannig að félagsmenn reiknuðu með að málið væri úr sögunni enda heyrðist ekkert frá framkvæmdaaðila.

Matsáætlunin er óskýr og gerir ekki glögga grein fyrir fyrirhuguðum framkvæmdum enda byggir áætlunin á gömlum hönnunargögnum og rannsóknum sem ekki eru í takt við þá framþróun sem verið hefur í náttúruvernd á undanförunum árum og áratugum. Hönnun fiskvegar í friðuðu landi sem lýst hefur verið landvætti væri t.d. óhugsandi í dag. Vandséð er hvers virði friðlýsing er verði þessi framkvæmd heimiluð.

Í matsáætluninni er ekki gert ráð fyrir rannsóknum á áhrifum framkvæmdarinnar á lífríki Hvítár að neinu marki. Hér er sérstakleg átt við áhrif mikillar laxagöngu á sérstakan stofn bleikju sem er í ánni og er í útrýmingarhættu. Það er alger forsenda að þetta atriði verði rannsakað ítarlega og yfir langan tíma þannig að það verði algerlega ljóst hver áhrifin verði og hvaða mótvægisráðstafanir þarf að gera eða hvort staða stofnsins sé þannig að ekki verði hægt að leiða lax upp eftir ánni án þess að bleikjunni verði útrýmt.

Töluverðar rannsóknir hafa verið gerðar á bleikjustofninum á árum áður en hér er vísað í BS-ritgerð Iðunnar Hauksdóttur undir leiðsögn Sigurðar Mús Einarssonar um aldur og vöxt sjóbleikjustofns Hvítár í Borgarfirði sem lokið var um mitt ár 2011. Þar koma fram ýmsar áhugaverða upplýsingar um lífsferil bleikjunnar. Ekki er vitað til að neinar marktækar rannsóknir á framgangi sjóbleikjunnar hafi farið fram frá þessum tíma þrátt fyrir alvarlega stöðu stofnsins.

Vísindamenn greinir á um hvort tilkoma nýs framandi laxastofns á uppvaxtarsvæði sjóbleikju valdi tjóni á sjóbleikjustofninum. Eitt er þó ljóst að ekki er hægt að fullyrða, byggt á vísindalegu áhættumati, að laxinn hafi ekki áhrif á viðkomu og vöxt sjóbleikjunnar. Athygli vekur að ef litið er til veiðitalna frá því um aldamótin að fækkun sjóbleikjustofnsins helst í hendur við aukningu á laxi í ánni sem til er kominn vegna sleppinga á laxi í Norðingafljót en hluti af slepptum laxi hrygnir í ánni. Taka verður tillit til varúðarreglunnar þegar þannig háttar til og verður bleikjan að njóta vafans

Einnig skal bent á að í Norðingafljóti er m.a. náttúrlegur urriðastofn sem laxinn mun e.t.v. hafa neikvæð áhrif á. Nauðsynlegt er að gagnreynd vitneskja verði til um þessi áhrif áður en lengra er haldið.

Ekki verður séð að gerð fiskvegar við Barnafoss varði brýna almannahagsmuni sem er algert frumskilyrði fyrir því að framkvæmdir séu leyfðar á vernduðu landsvæði. Eins og málum er fyrir komið í samningi veiðifélagsins og framkvæmdaaðila er ljóst að aðeins þeir fjórir aðilar sem eiga Norðingafljót munu hagnast á þessari framkvæmd og að afleiddur virðisauki í héraði svo ekki sé minnst á landið allt er afar takmarkaður. Í tengslum við gerð skýrslu Verkíss gerði Stefán Gíslason, umhverfisfræðingur hjá Umhverfissráðgjöf Íslands (Environice) minnisblað um sjálfbærni framkvæmdarinnar o.s.frv. Í kafla 1.2 í minnisblaðinu fullyrðir hann að gerð fiskivegarins varði ekki brýna almannahagsmuni. Stefán Gíslason er höfundur matsáætlunarinnar og umrætt minnisblað hans er hluti heimilda sem vitnað er til sem grundvöllur matsins. Reikna verðu með að niðurstaða hugsanlegs umhverfismats verði sú að fiskvegur við Barnafoss varði ekki almannahagsmuni og að þess vegna verði ekki hægt að leyfa framkvæmdina á friðuðu landi.

Í matsáætluninni er lítillega fjallað um möguleika laxins að ganga upp göngin. Einn mikilvægasti þáttur þess að lax gangi upp ár er að hitastig þeirra sé innan ákveðinna marka. Í matsáætluninni er lauslega minnst á þetta atriði en ljóst að rannsaka þarf þennan þátt málsins miklu frekar. Lauslegar stutt tímamælingar sem gerðar eru á óvísindalegan hátt eru ekki fullnægjandi og gefa ekki nægjanlegar upplýsingar um hegðun og líðan laxins við þær aðstæður sem myndast í göngunum

Í nýrri matsáætlun er gert ráð fyrir að göngin verði lengd um ca. 50 m upp eftir ánni enda fyrri tillögur um inntaksop í göngin algerlega óraunhæfar. Ný tillaga um inngangsop virðist engu betri þar sem ekki verður annað séð af lélegri lýsingu en að umhverfisáhrif þeirra verði veruleg og óafturkræf. Nefna má að gera þarf inntaksvirki til þess að beina vatni í göngin sem verður sjáanlegt.

Upplýst er að vatni verði bægt frá göngunum utan göngutíma laxins og inntaksvirkið því lokað. Yfir lokunartímann mun safnast Hvítárleir, grjót og möl að virkinu og er reiknað með að handmoka frá virkinu við opnun. Þeir sem lifað hafa með Hvítá vita að þetta er algerlega óraunhæft enda leirinn þéttur og erfiður viðfangs til handmoksturs auk þess sem grjót og möl einfalda ekki verkið. Það er því algerlega ljóst að gera verði ráð fyrir að vélum verði beitt í þessum tilgangi og að gera verður aðstæður til þess að það sé hægt (plan, vegaslóðar, o.s.frv.).

Í matsáætluninni er gerð tillaga að nýrri valkosti við gerð gangnanna á þann veg að unnið verði inn um frárennslisopið og að gerður verði vegslóði á bökkum árinna frá malargryfjum í landi Stóra-Áss. Lýsingin á þessari framkvæmd er svo takmörkuð að engin leið er að skilja hvernig þetta á að gerast en algerlega augljóst er að verði þessi aðferð notuð verður um umfangsmiklar skemmdir á öllu umhverfi sem verða óafturkræfar og til mikilla lýta. Þá vantar alveg lýsing á því hvernig viðhaldi verðu háttað á göngunum.

Upplýsingar um gerð jarðlaga og þol þeirra gagnvart sprengingum og gangnagerð eru nánast engar þar sem stjórn veiðifélagsins hefur ekki aðgang að upplýsingum um þetta atriði. Það sem þó er vitað er að bergið er lagskipt og sprungið. Að fengnum frekari upplýsinga um jarðlög er nauðsynlegt að gert verði ítarlegt áhættum á áhrifum sprenginga í berginu á þann hátt sem fyrirhugað er. Veruleg áhætta er t.d. bundin lokasprengingum þar sem klettastálið getur hrunið vegna ástands þess.

Það vekur furðu að framkvæmdaaðili skuli leggja fram tímaáætlun sem gerir ráð fyrir að gerð gangnanna verði lokið á tveimur mánuðum og að heildarframkvæmdum verði lokið á um fimm mánuðum. Þá er gert ráð fyrir að unnið verði um vetur í myrkri og á nóttu. Ef litið er til framkvæmdarinnar í heild þá er um að ræða undirbúning á yfirborði, s.s. vinnuaðstöðu, vegaslóða og plön, grafa 300 m löng göng sem í raun eru ekki einföld í framkvæmd í vafasömum jarðlögum, gerð innrennslisvirkja og útfallsfrágangs, þéttingu bergs, gerð steypis laxastiga, gerð raflagna, frágangur bygginga til aðgangs að göngunum til viðhalds, og endanlegur frágangur á yfirborði þannig að ekkert sjáist að lokinni framkvæmd. Það má öllum vera ljóst að tímaáætlunin er algerlega óraunhæf.

Hér að framan hefur verið gerð grein fyrir nokkrum atriðum er tengjast vanköntum á tillögu um masáætlun við gerð fiskvegar í göngum við Barnafoss. Lögð er áhersla á að gögnin eru svo takmörkuð og framkvæmdinni illa lýst að illgerlegt er að leggja fram málefnalegar umsagnir um einstök atriði. Því er lagt

til að matsáætluninni verði hafnað sem algerlega ófullnægjandi. Þegar framkvæmdaaðili lagði fram fyrirspurn til Skipulagsstofnunar um matshæfi framkvæmdarinnar í september 2021 gerði Ágúst Jónsson verkfræðingur umsögn um fyrirspurnina í samráði við nokkra félagsmenn veiðifélagsins. Í umsögninni var fjallað um ýmis þau atriði sem fram komu í fyrirspurninni. Þessi atriði eru að stórum hluta endurtekin í matsáætluninni enda byggja bæði fyrirspurn og matsáætlunin á sömu forsendum. Umsögnin Ágústs var á því að stórum hluta við nú. Hún fylgir því hér óbreytt í viðhengi. Þá vísum við einnig í bréf Þorvaldar Jónssonar formanns stjórnar Veiðifélags Hvítár og Norðlingafljóts um málefni tengd verkefninu sem sent var öllum stofnunum sem um málið fjalla.

Eins og fram kemur í matsáætluninni og tilvitnuðum gögnum hafa starfsmenn hluta þeirra stofnana sem hafa lögbundið hlutverk við mat á matsáætluninni verið ráðgjafar tengt gerð fiskivegar við Barnafoss og jafnvel svarað fyrir málið í fjölmiðlum. Það er mikilvægt að fyllsta hlutleysis sé gætt innan stofnananna þegar umsagnir um málið eru unnar.

Það er algerlega ljóst að mikill ágreiningur er um framkvæmdina á svæðinu. Meirihluti stjórnar Veiðifélags Hvítár og Norðlingafljóts mótmælir harðlega að laxastigi í göngum verði gerður við Barnafoss.

Virðingarfyllt

Þorvaldur Jónsson, formaður

Ingibjörg Daníelsdóttir, meðstjórnandi

Ágúst Jónsson, meðstjórnandi

Minnisblað

Efni: Gerð fiskivegar við Barnafoss

Til: Borgarbyggðar, Skipulagsstofnunar, Umhverfisstofnunar, Fiskistofu, Hafrannsóknarstofnunar, Heilbrigðiseftirlit vesturlands

Frá: Ágústi Þór Jónssyni, Haukagili í Hvítársíðu.

Inngangur

Á undanförnum áratugum hefur hluti veiðiréttarhafa Hvítár og Norðlingafljóts haft áhuga á að gera fiskiveg við Barnafoss til þess að lax geti gengið upp Hvítá og í Norðlingafljót. Nú liggja fyrir gögn um á hvern hátt fyrirhugað er að ná þessu markmiði. Um þetta er djúpstæður ágreiningur í héraði. Ekki verður séð hvernig unnt er að leyfa þessa framkvæmd vegna friðunar svæðisins og mikilvægis þessarar náttúruperlu í vitund landsmanna og útlendinga sem heimsótt hafa Hraunfossa og Barnafoss.

Í þessu minnisblaði eru gerðar athugasemdir við ýmis atriði sem fram koma í framlögðum gögnum. Tekið skal fram að minnisblaðið hefur verið kynnt nokkrum hluta veiðiréttarhafa sem ekki hafa gert athugasemdir við innihald þess.

Lög og reglur

Í framlögðum gögnum er fjallað um leyfi sem afla þarf vegna framkvæmdarinnar. Svo virðist sem ekki hafi verið tekið tillit til skipulagslaga og mannvirkjalaga

Í 1. mgr. 12. gr. skipulagslaga segir: *Skipulagsskylda nær til lands og hafs innan marka sveitarfélaga. Bygging húsa og annarra mannvirkja ofan jarðar og neðan og aðrar framkvæmdir og aðgerðir sem hafa áhrif á umhverfið og breyta ásýnd þess skulu vera í samræmi við skipulagsáætlanir.*

Sú mannvirkjagerð sem fyrirhuguð er við Barnafoss samkvæmt framlögðum gögnum fellur undir ofangreint. Ef gögn um nágildandi skipulag í sveitarfélaginu eru skoðuð verður ljóst að ekki er gert ráð fyrir mannvirki af þessari gerði innan friðlýsts svæðis við Barnafoss. Í framlögðum gögnum er ekkert fjallað um þetta atriði eða hvernig staðið verður að því að aðlaga mannvirkið að þeim kröfum sem skipulagsákvæði gera á friðlýstu svæði eins og hér um ræðir. Líta verður svo á að gera verði breytingar á aðalskipulagi og síðar deiliskipulagi áður en heildstæð umfjöllun um laxagöngin geti farið fram. Í framlögðum gögnum er ekki fjallað um þörf fyrir heimildir á grundvelli skipulagslaga.

Í 13. gr. Mannvirkjalaga segir: *Hvers konar jarðföst, manngerð smíð, svo sem hús og aðrar byggingar eða skýli, virkjanir, dreifi- og flutningskerfi rafveitna, hitaveitna, vatnsveitna og fjarskipta, fráveitumannvirki, umferðar- og göngubrýr í þéttbýli, stór skilti og togbrautir til fólksflutninga. Til mannvirkja teljast einnig tímabundnar og lausar byggingar sem ætlaðar eru til svefns eða daglegrar dvalar manna í fjóra mánuði eða lengur á sama stað, svo sem starfsmannabúðir og húsvagnar. Mannvirki á eða í hafi, vötnum og ám sem hafa fasta staðsetningu teljast einnig til mannvirkja samkvæmt lögum þessum.* “

Það er því ljóst að göngin falla undir mannvirkjalög og verða því að fylgja ákvæðum sem þar eru. Sækja verður um byggingarleyfi/framkvæmdaleyfi á grundvelli þessara laga auk þess sem öll framkvæmdin verður að falla undir opinbert eftirlit í samræmi við lög. Ekki er fjallað um þetta atriði í framlögðum gögnum né er fjallað um á hvern hátt staðið verður að hönnun og endanlegri lýsingu mannvirkisins. Hér er átt við ýmis atriði er fjalla t.d. um aðgang við viðhald og frágang hugsanlegra sjáanlegra mannvirkja því tengdu og frágang annarra sjáanlegra þátta, s.s. inntakslökun. Þessar upplýsingar eru nauðsynlegar til þess að umsagnaraðilar geti gert sér grein fyrir umhverfisáhrifum mannvirkisins. Í framlögðum gögnum er ekki fjallað um að afla þurfi leyfa í samræmi við mannvirkjalög

Göngin munu verða vinnustaður þeirra sem vinna að viðhaldi. Ekki verður séð að tillit hafi verið tekið til þessa. Ekki er vísað til laga um vinnuvernd né tekið fram á hvern hátt öryggi starfsmanna við viðhald verður tryggt né að samþykkis verði leitað hjá Vinnueftirlitinu hvað þetta varðar. Öryggismál í göngum eru vandasöm þar sem taka verður tillit til flóttaleiða, magns súrefnis, lýsingar o.s.frv. Nauðsynlegt er að þessar upplýsingar liggi fyrir enda geta kröfur Vinnueftirlitsins haft áhrif á gerð mannvirkisins, t.d. vegna þess að öryggis og loftunarop verði sýnileg.

Í þessum kafla er ekki fjallað um lagaskyldur sem fram koma í lögum um umhverfisvernd, umhverfismat áætlana eða lögum um umhverfisvernd o.s.frv. enda fjalla eftirfarandi kaflar um atriði sem tengd eru þessum lögum.

Lýsing á framkvæmd

Í kafla 7 í gögnum sem lögð hafa verið fram hjá Skipulagsstofnun er hönnun gangnanna að nokkru lýst og á hvern hátt fyrirhugað er að standa að framkvæmdum. Hönnunarlýsingin nær til gerðar gangnanna sjálfra, þ.e. lengd, hæð og breidd auk upplýsinga um halla og op til beggja enda. Svo virðist sem ekki hafi verið tekið tillit til aðkomu að göngunum og inngöngu í göngin til viðhalds og annars tilfallandi rekstrar. Tekið er sérstaklega fram að vinnuopi í göngin sem fyrirhugað er á bökkum Hvítár við Barnfoss á meðan á framkvæmdum stendur verði lokað og jarðvegur settur yfir að loknu verki. Ljóst er að umfangsmikið viðhald þarf að fara fram í göngunum svo sem til að hreinsa þau af leir, mól og grjóti auk þess sem viðhalda þarf steypu mannvirki sem gert er ráð fyrir í göngunum. Skýra þarf á hvern hátt viðhaldi verður sinnt og þá sérstaklega hvernig aðkomu í göngin verður háttáð ef staðhæfingar í gögnunum eiga að standast um lítil sem engin umhverfisleg áhrif gangnanna. Svo virðist sem algjörlega hafi gleymst að fjalla um áhrif gangnanna til langs tíma þ.m.t. á hvern hátt viðhaldi og rekstri verði háttáð og hvaða afleiðingar það hefur á umhverfið. Þá er rétt að benda á að reikna verður með að þörfin fyrir hreinsun gangnanna og læunnar fyrir framan inntaksopið muni aukast verulega vegna leirflóða sem vænta má að komi í ána öðru hverju eins og fram kemur í samantekt Veðurstofunnar um straumfræðilega líkindareikninga á jökulhlaupum úr Hafrafellslóni í Langjökli sem dagsett er 09.06.21.(https://www.vedur.is/media/vedurstofan-utgafa-2021/VI_2021_001.pdf). Ekkert er fjallað um þá breyttu stöðu sem upp er komin vegna þeirrar ógnar sem af flóðunum stafar bæði fyrir lífríkið þ.m.t. væntanlegan laxastofn og þá sérstaklega fyrir rekstur og gagnsemi gangnanna.

Ef lítið er til núverandi hönnunar er ljóst að viðhald getur aðeins farið fram um inntaksopið. Inntaksopið er við lænu á klettasyllu utan á klettavegg sunnan megin við ána á viðkvæmum stað. Öll aðkoma fyrir menn, tæki, vélar og önnur aðföng sem til þarf verður því að vera eftir lænunni. Þetta mun hafa í för með sér að gera þarf aðkomuna manngenga og vélgenga sem getur haft áhrif á lænuna sjálfa auk þess sem gera verður ráðstafanir á bakkanum fyrir ofan eða aftan lænuna. Þá má búast við að gera þurfi ráðstafanir til þess að bægja vatninu frá á meðan á viðhaldi stendur og bætist þá við framkvæmd utan gangnanna sem þjónar þessum tilgangi með tilheyrandi óafturkræfu riski. Hér verður því óhjákvæmilega um þó nokkurt jarðrask að ræða á afar viðkvæmum stað á bökkum fossins sem er óafturkræft. Þetta fyrirkomulag aðkomu til viðhalds mun breyta öllu mati á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar frá því að vera óverulegt eða ekkert í að verða verulegt enda er friðun svæðisins aðallega byggð á ásýnd þessarar náttúruverlu. Hraunfossar og Barnafoss eru náttúruvætti.

Ef fyrirhugað er að aðkoma að göngunum verði á annan hátt en í gegnum efra

opið þarf að hanna þessa aðkomu (staðsetning, vegur, lítið hús, op o.s.frv.) sem getur haft í för með sér rask og umhverfisspjöll sem ekki samrýmast friðlýsingu svæðisins. Fyrirkomulag aðkomu að göngunum mun sennilega hafa í för með sér umhverfiströskun sem ekki verður afturkræf. Það mun hafa veruleg neikvæð áhrif á umhverfismatið á mannvirkinu og framkvæmdum því tengdu. Ljóst er að ekki er hægt að taka afstöðu til framlagðra gagna fyrr en þessum þætti hafa verið gerð góð skil og tryggt að umhverfisáhrifin verði engin. Erfitt er að sjá á hvern hátt hægt verður að leysa þetta vandamál.

Í gögnunum er fjallað sérstaklega um ásýnd inntaksops og úttaksops og því haldið fram að þau verði ekki sjáanleg þrátt fyrir að þau verði aðeins að hluta undir yfirborði vatns. Auk þess er gert ráð fyrir einhverskonar lokubúnaði við inntaksopið sem ekki er skilgreindur en augljóst er að hann verður sýnilegur enda sést það vel á myndum sem eru í gögnunum. Gerð er tilraun til þess að gera lítið úr þessu aðalatriði sem lítur beint að helstu ástæðu fyrir friðlýsingu svæðisins sem er ásýnd þess, en í gögnunum segir:

„Göngubrú er yfir á norðurbakka Hvítár, sem leiðir gesti að útsýnispalli þar sem horft er niður með ánni að Hraunfossnum. Hins vegar er bakki árinna, gengt inntaki fiskvegarins, ekki opinn almenningi. Ef horft er til suðurs frá göngustígnum mætti mögulega greina inntaksopið, sjá Mynd 9-6. Hafa verður í huga að á þessum stað eru gestir á göngu til og frá útsýnispallinum á ójöfnu undirlagi (hraun) og því ekki endilega með hugann við útsýnið.“

Hér er augljóslega um viðurkenningu að ræða á því að inntaksopið og tilheyrandi lokubúnaður muni verða sjáanlegur en reynt er að gera lítið úr þessari staðreynd með því að fólk hafi hugann við eitthvað annað en tilgang sinn með heimsókn á svæði, nefnilega að virða fossinn og umhverfi hans fyrir sér. Verið er að gera ráð fyrir að hugarástand gesta verði á einhvern ákveðinn hátt sem geri það að verkum að þeir munu ekki taka eftir þessum óafturkræfu skemmdum sem unnar hafa veri á friðuðum fossinum. Auk þess virðist ekki gert ráð fyrir breytingu eða fjölgun stíga og útsýnispalla um ókomna tíð. Þessi málalíbúnaður er afar ótrúverðugur og staðfestir aðeins að um óafturkræfar skemmdir verða á umhverfi fossins. Það er því óhugsandi að gerð gangnanna verði leyfð enda augljóslega í andstöðu við lög um náttúruvernd.

Lausleg lýsing á úttaksopi vekur einnig furðu. Augljóst er að opið verður sjáanlegt auk þess sem veruleg hætta er á að bergið í kringum opið verði fyrir verulegum skemmdum við lokasprengingu eins og lýst verður síðar. Þá er tæpt á því að við neðra opið muni verða komið fyrir þrepi sem ekki er skilgreint sérstaklega, en í gögnunum er sagt: „Neðst í fiskveginum þar sem útrennslið er í Hvítá verður komið fyrir þrepi til að skapa ákveðinn straum sem lax ætti auðvelt með að finna, sjá Mynd 7-8“. Hvaða áhrif hefur þetta þrep? Ef koma á því fyrir

gæti það einnig þýtt að það þarfnist viðhalds, endurnýjunar nú eða breytinga, virki það ekki eins og til er ætlast.

Í gögnunum er oft nefnt að öll vinna við gerð gangnanna verði gerð á sjálfbæran og vandaðan hátt. Þessi fullyrðing er lítils virði enda liggja ekki fyrir í gögnunum eða hjá veiðifélaginu verklýsingar eða framkvæmdaáætlanir né hefur kostnaðaráætlun verið gerð svo vitað sé. Þá skal bent á að í samningi milli framkvæmdaraðila og veiðifélags (sem er leynilegur, en var sýndur stuttlega á fundum veiðifélagsins) um gerð gangnanna er ekkert fjallað um framkvæmdina sjálfa. Ekki er gerð grein fyrir réttindum og skildum aðila, verktryggingum, fyrirkomulagi, hver beri hina raunverulegu ábyrgð á að verkið verði framkvæmt í samræmi við lög né hvað gerist ef svo slysalega vill til að göngin verði ónothæf, hrynja vegna lélegs bergs nú eða ef hið óskráða hlutafélag sem við er samið hefur ekki burði til þess að standa undir framkvæmdinni til enda. Ýmis atriði vantar í samninginn sem þurfa að vera í samningi um umframkvæmd af þessari stærð.

Þá verður ekki séð að í gögnunum sé fjallað um aðgerðir sem gera þarf í tengslum við ármótin þar sem Norðlingafljót rennur í Hvítá en þar þarf að hrinda úr vegi hindrunum sem trufla munu gang laxins.

Ekki verður séð að verkefnið sé nægilega hannað og því lýst þannig að mikilvægum spurningum verði svarað en ljóst er að í núverandi mynd uppfyllir verkefnið ekki nútímakröfur um náttúruvernd enda hannað fyrir um 22 árum síðan. Verkið er því vanreifað og ekki hægt að byggja ákvarðanir eða umsagnir stjórnvalda á þeim takmörkuðu upplýsingum sem er að finna í framlögðum gögnum. Alvarlegar líkur eru á að framkvæmdin uppfylli ekki lágmarkskröfur um umhverfisvernd. Ekki verður heldur séð að brýnir almannahagsmunir krefjist þess að umræddur fiskvegur verði byggður, eins og krafist er í 3. mgr. 61. gr. um brýna nauðsyn í náttúruverndarlögum þegar um framkvæmdir er að ræða á friðuðum svæðum. Ef grannt er skoðað verður ljóst að laxagengd í Norðlingafljóti muni að langstærstu leyti gagnast fjórum af 36 veiðiréttarhöfum og alls ekki almenningi öllum.

Aðstæður við gerð jarðganga við Barnafoss

Verkfræðistofan Verkís var fengin til þess að kanna „Aðstæður til jarðgangnagerða fyrir fiskveg við Barnafoss“. Álit verkfræðistofunnar er að finna í minnisblaði sem er hluti af framlögðum gögnum.

Í upphafi minnisblaðsins er gerður fyrirvari um forsendur sem nýttar eru við könnunina, en þar segir „Hér er lagt mat á áætluðum aðstæðum við jarðgangnagerð á leið fiskivegar. Matið byggir eingöngu á eldri heimildum um jarðfræði svæðisins sem og skoðunum á ljósmyndum af berggrunni við farveg

Hvítár við Barnafossasvæðið. Ljósmyndir og önnur gögn um fiskveginn eru fengin frá Stefáni Stefánssyni (framkvæmdaaðilanum).“ Svo virðist því sem engin sjálfstæð frumathugun hafi farið fram með tilheyrandi sjálfstæðri gagnaöflun og rannsóknum á staðnum né hafi verið framkvæmdar boranir til staðfestingar á raunverulegri stöðu berglaga sem fyrirhugað er að göngin liggi í enda er það ein af ráðleggingum verkfræðistofunnar að boranir verði gerðar til frekari rannsókna.

Í niðurstöðu minnisblaðsins er talið að aðstæður til jarðgangnagerðar séu **þokkalegar** en jafnframt er tekið fram að „helsta áskorun þessarar jarðgangnagerðar er opnunin út í farveginn að neðanverðu. Þar verður að gera ráð fyrir „lake tapping“ sprengingu út í farveginn, en það er aðferð sem er notuð við sprengingar inn í stöðuvötn neðan vatnsyfirborðs“.

Það er athyglisvert að verkfræðistofan vekur sérstaklega athygli á þessum þætti framkvæmdarinnar enda er hér um að ræða atriði sem getur valdið óafturkræfum umhverfisspjöllum sem mun rýra gildi náttúruperlunnar verulega. Ef litið er til umfjöllunar verkfræðistofunnar og þeirra upplýsinga sem þar koma fram er ljóst að vegna gerðar berglaga á svæðinu, sprungumyndana o.s.frv. og að aðstæður eru aðeins taldar þokkalegar til jarðgangagerðar að þetta setur alla framkvæmdina og umhverfisáhrif hennar í uppnám sem stafar af því að „lake tapping“ aðferðin er afar flókin og krefst mikillar þekkingar á berglögum, umhverfi og reynslu þeirra sem að verkinu vinna. Veruleg hættu er á að lokasprengingin muni hafa verulegar skemmdir í för með sér á berginu í kringum opið. Áhættan verður að teljast afar mikil sértaklega þegar litið er til upplýsinga um gerð bergsins, bergskilanna og þykkt þeirra fyrir ofan opið.

Ef litið er til reynslu í Noregi af „lake tapping“ er áhugavert að skoða t.d. reynslu virts ráðgjafafyrirtækis (Rockmass) þar í landi og ráðleggingar þeirra. En þar segir eftirfarandi:

“The successful construction of the great number lake taps is based on the fact that the piercing process has been headed by a highly trained specialist having practical experience in these challenging works. Due to the complexity and risk of damage to existing structures, a thorough and detailed design based on detailed geological data and experience from similar work is a prerequisite for a successful design

Careful planning and follow up are essential, involving the following important features:

- Control of the geological conditions in the rock mass and lake sediments, before any construction work commences.
- Design of the suitable method of final blast, whether to use so-called "open" or

"closed" solution.

- Control of rock mass and permeability conditions while excavating towards the piercing area and during trimming and designing the final rock plug.
- Detailed design of all elements in the piercing area with verification of the pressures build up in the final blast, ensuring that no damage will occur.

Piercing of the sea or lake bottom has been made as deep as 120m below water level. Over the past 25 years Norwegian experts have been involved in lake taps in Norway, Asia, North America and South America.”

Reikna má með að “lake tapping” inn í þungt straumvatn sé enn erfiðari en í mörgum þeim tilfella sem Norðmennirnir hafa reynslu af.

Við hönnun „lake tapping“ sprengingarinnar þarf að taka tillit til margra þátta eins og nefnt er hér að ofn. Tryggja þarf að sprengikrafturinn verði nægjanlegur til þess að opna út í ána eins og ætlað er og þörf er á en á sama tíma þarf að tryggja að sprengingin verði ekki það umfangsmikil að hluti klettaveggjarins í kringum opið og þá sérstaklega fyrir ofan opið verði ekki fyrir skemmdum. Þetta er alls ekki einfalt og krefst mikillar reynslu og þekkingar á berginu eins og fram kemur í leiðbeiningum Norðmannanna.

Hér er því komið að einu af úrslitaatriðum sem taka þarf tillit til við ákvörðun um hvort gera verður umfangsmikið umhverfismat eða leyfa skuli framkvæmdina eða veita um hana jákvæða umsögn. Áhættan sem því fylgir að sprenging út í vatnið heppnist ekki er veruleg vegna gerðar berglaga (þokkalegt) sem sprengja á í og vegna þess að lítil reynsla er hér á landi við gerð „lake tapping“ sprenginga. Meginspurningin er hvaða áhættu er hægt að taka þegar um er að ræða að svo alvarlegar skemmdir geti orðið á einni merkustu náttúruverlu héraðsins, landsins og jafnvel í heiminum. Er t.d. ásættanlegt að áhættan sé 1 %, 5 %, 10 % eða eitthvað hærri. Hér kemur til kasta varúðarreglunnar. Í greinargerð Stefáns Gíslasonar sem er hluti framlagðra gagna segir „varúðarreglan sem tilgreind er í 9. gr. náttúruverndarlaganna, en varúðarreglan var sett fram sem 15. meginregla Ríó-yfirlýsingarinnar 1992. Reglan kemur einkum til skoðunar þegar „óvissa er til staðar eða þekkingarskortur um afleiðingar ákvarðana sem áhrif kunna að hafa á náttúruna, þ.e. ákvarðana sem stefna að öðrum markmiðum en náttúruvernd, ekki síst ákvarðanir um ýmiss konar framkvæmdir sem áhrif geta haft á umhverfið“. Megininntak varúðarreglunnar er að ef hættu er á alvarlegum og/eða óafturkræfum náttúruspjöllum skuli skorti á vísindalegri þekkingu ekki beitt sem rökum til að fresta eða láta hjá líða að grípa til skilvirkra aðgerða sem geta komið í veg fyrir spjöllin eða dregið úr þeim. Í 9. gr. er kveðið á um að þegar ákvörðun er tekin á grundvelli laganna án þess að fyrir liggi með nægilegri vissu hvaða áhrif hún hefur á náttúruna, skuli leitast við að koma í veg fyrir mögulegt og verulegt tjón

á náttúruverðmætum“.

Niðurstaða áhættumats af þessari gerð í tilfelli laxagangnanna við Barnafoss er auðvitað að ekki er hægt að taka neina áhættu enda tekur varúðarreglan yfir þannig að vafinn falli náttúrunni í vil. Gerð gangnanna varðar ekki almannaheill aðeins fjárhagslega hagsmuni fárra. Það er í sjálfu sér virðingarvert að framkvæmdaaðilinn skuli leggja þessi sjónarmið fram en það hefði verið enn virðingarverðara ef hann hefði tekið afleiðingunum og hætt við tilraunir til þess að fá framkvæmdina samþykkt í andstöðu flestra veiðiréttarhafa.

Samfélagsleg áhrif

Í framlögðum gögnum er vísað til niðurstöðu Stefáns Gíslasonar, umhverfisfræðings hjá Umhverfisstofnun Íslands (Environice) sem fenginn var til að varpa ljósi á sjálfbærni framkvæmdarinnar m.t.t. vistfræðilegra, efnahagslegra og félagslegra þátta. Þar kemur fram að „Fljótt á titið virðast heimamenn við Hvítá og Norðlingafljót jákvæðir gagnvart því verkefni sem hér um ræðir“. Einnig kemur fram „Ólíklegt er að framkvæmdin hafi neikvæð áhrif á samfélagslega þætti á borð við samstöðu heimamanna og félagsleg þolmörk.“ Hér hefur verið farið allt of fljótt yfir sögu enda hefur ítrekað komið í ljós að megn óánægja er með þessar fyrirætlanir og þá yfirgangssemi sem beitt hefur verið til þess að ná fram samþykkt fyrir framkvæmdinni og hefur það margkomið fram á fundum í Veiðifélagi Hvítár og Norðlingafljóts. Vegna þessara athugasemda er rétt er að gera grein fyrir því ferli sem að baki liggur við að knýja fram samþykkt á aðalfundi veiðifélagsins þannig að umsagnaraðilar og aðrir hafi rétta mynd af afstöðu veiðiréttarhafa.

Eins og áður hefur komið fram hefur það verið vilji eigenda Norðlingafljóts að gerður verði laxgengur fiskivegur upp fyrir Barnafoss. Eins og lýst er í framlögðum gögnum hafa ýmsar leiðir verið kannaðar og var niðurstaðan í byrjun þessarar aldar sú að best yrði að gera göng til hliðar við Barnafoss. Í stjórn veiðifélagsins eru fimm stjórnarmenn og fram til síðasta aðalfundar sem haldinn var 27.05.21 voru þrír af fimm stjórnarmönnum eigendur Norðlingafljóts, en alls er áin í eigu fjögurra aðila. Á fundi félagsins sem haldinn var í Brúarási mánudaginn 19. ágúst 2019 var fjallað um gerð laxastigans. Stjórn félagsins hafði gert samning við Stefán Stefánsson í Fljótstungu (sem jafnframt var í stjórninni) um undirbúning og framkvæmd verkefnisins og yfirtöku veiðiheimilda á svæði veiðifélagsins auk þess sem markmið samningsins er að koma upp sjálfbærum laxastofni í Norðlingafljóti. Samþykkt stjórnarinnar var skilyrt því að almennur fundur í félaginu samþykkti gjörðir stjórnarinnar. Á fundinum komu fram ýmsar athugasemdir við samninginn og meðferð málsins af hálfu stjórnar félagsins. Samþykkt var að fresta afgreiðslu málsins og að fram færi frekari greining á samningnum og þeim atriðum sem til athugunar yrðu að

koma við gerð samnings af þessu tagi enda um samning að ræða sem nær til leigu veiðiréttar og verklegra framkvæmda um gerð fiskivegarins í göngum. Þetta var nauðsynlegt þar sem samningurinn hafði ekki verið sendur félagsmönnum fyrir fundinn og vegna þess að á fundinum var gefinn lítill sem enginn tími til þess að fara yfir samninginn. Ætlast var til að félagsmenn samþykktu gjörðir stjórnarinnar að mestu án þess að hafa hugmynd um innihald samningsins, s.s. skuldbindingar félagsins og einstakra veiðiréttarhafa, ekkert kostnaðarmat var lagt fram og engar áætlanir um framkvæmdina eða rekstur áнна. Leynd átti að hvíla yfir samningnum og félagsmönnum gert að skila afritum sem dreift hafði verið í lok fundar.

Ráðgjafahópur fór yfir samninginn en litlar sem engra breytingar voru gerða á samningnum við þessa vinnu, enda var enn krafist leyndar við vinnu ráðgjafahópsins um innihald samningsins og því ekki unnt að sækja sérfræðipekkingu út fyrir hópinn.

Boðað var til nýs fundar sem haldinn var 16.12.20 þar sem nánast sami samningur var lagður fram. Viðsemjandi stjórnarinnar var áfram Stefán í Fljótstungu fyrir hönd óstofnaðs hlutafélags en hann sat þá jafnframt í stjórn félagsins. Samningurinn var lagður fyrir fundinn á sama hátt og fyrr þar sem félagsmönnum var ekki gefinn kostur á að skoða samninginn fyrir fundinn né var gefinn nægjanlegur tími á fundinum til skoðunar. Samningurinn var felldur á jöfnum atkvæðum (tekið skal fram að skv. Laxa- og silungalögum hefði sennilega þurft 2/3 atkvæða til samþykktar). Félagsmenn hafa þess vegna mátt líta svo á að leigusamningurinn í því formi sem lagður var fyrir félagsfundinn, þ.e. bæði innihald og viðsemjandi, væri úr sögunni. Við atkvæðagreiðsluna var notuð reglan um að hverjum veiðirétti fylgi eitt atkvæði.

Svo reyndist þó ekki vera. Boðað var til aðalfundar félagsins sem haldinn var 27.05.21. Á dagskrá fundarins var samþykkt samnings um framsal veiðiréttar og gerð ganganna. Á þessum fundi var það Stefán Stefánsson sem lagði málið fram sjálfur en ekki stjórnin eins og verið hafði áður. Á ferðinni var nánast sami samningur og fyrr með smávægilegri breytingu um gildistíma samningsins og sömu leyndaraðferð beitt. Reglum um atkvæðagreiðslu var breytt þar sem vægi atkvæða byggir á arðskrá. Þessi heimild er í sérstökum tilfellum í lögum og nægir að einn félagsmaður óski eftir að þessi aðferð verði nýtt. Tekið skal fram að eigendur Norðlingafljóts hafa yfir að ráða um 40 % af heildararði áнна sem nægði til þess að fá samninginn samþykktan. Við kosninguna var hins vegar ljóst að hefði fyrri regla verið notuð áfram hefði samningurinn verið felldur.

Af því sem hér er sagt má ljóst vera að það er á engan hátt sátt um þessa framkvæmd og því alrangt að „heimamenn við Hvítá og Norðlingafljót séu jákvæðir gagnvart því verkefni sem hér um ræðir“. Meðferð málsins hefur nú

þegar valdið flokkadráttum og vinaslitum sem gera verður ráð fyrir að aukist á næstu misserum tengt vinnslu málsins hjá opinberum aðilum. Ekki er eining um málið innan stjórnar veiðifélagsins eftir síðasta aðalfund. Þá er ljóst að ýmis náttúruverndarsamtök fylgjast með málinu og afgreiðslu þess.

Veiðiréttarhöfum við efri hluta Hvítár er heimilt að leggja net fyrir löndum sínum. Á mörgum bæjum hefur þetta verið stundað allt frá 19. öld og þá mest veidd bleikja. Í seinni tíð veiðist nær eingöngu lax í netin bæði villifiskur sem ekki fer í réttar hliðarár Hvítár og svo lax sem til verður vegna hrygninga sleppilax í Norðlingafljóti. Engin tilraun hefur verið gerð til þess að semja við veiðiréttarhafa um upptöku neta eða ræða málið á einn eða anna hátt. Hins vegar var reiknað með að einföld grein í samningnum sem gerður var taki þessi réttindi af veiðiréttarhöfum án nokkurs samráðs hvað þá endurgjalds. Um þetta mál verða átök.

Lífriki og búsvæði Hvítár og Norðlingafljóts

Markmiðið með gerð laxgengra gangna við Barnafoss er að opna leið fyrir lax í Norðlingafljót. Þá verður nauðsynlegt að rækta upp nýjan stofn með heimahaga í Norðlingafljóti. Gönguleið þessa nýja stofns verður um Hvítá og mun allt vistkerfi í efri hluta Hvítár verða fyrir árás þessa nýja framandi stofns. Í efri hluta árinna er enginn náttúrulegur laxastofn en þar er merkur sjóbleikjustofn sem á undir högg að sækja og er hann í hreinni útrýmingarhættu. Nú er svo komið að það veiðist nánast engin bleikja í ánni en árið 2002 veiddust um 4.700 bleikjur í net og á stöng en nú veiðast aðeins nokkrir tugir árlega og er flestum sleppt. Hér er því um að ræða alvarlegt ástand sem leiða ætti til þess að bleikjan í Hvítá verði sett á válista. Takmarkanir á veiði á bleikju voru innleiddar árið 2011. „Sjóbleikjan í Hvítá í Borgarfirði hefur flókinn lífsferil. Hún gengur til sjávar í Borgarfjörð, hefur vetursetu neðarlega í Hvítá eða þverám hennar og hrygnir í lindám sem renna ofarlega í Hvítá. Seiði yfirgefa lindár strax eftir klak” (Iðunn Hauksdóttir).

Töluverðar rannsóknir hafa verið gerðar á bleikjustofninum á árum áður en hér er vísað í BS-ritgerð Iðunnar Hauksdóttur undir leiðsögn Sigurðar Más Einarssonar um aldur og vöxt sjóbleikjustofns Hvítár í Borgarfirði sem lokið var um mitt ár 2011. Þar koma fram ýmsar áhugaverða upplýsingar um lífsferil bleikjunnar. Ekki er vitað til að neinar marktækar rannsóknir á framgangi sjóbleikjunnar hafi farið fram frá þessum tíma þrátt fyrir alvarlega stöðu stofnsins.

Vísindamenn greinir á um hvort tilkoma nýs framandi laxastofns á uppvaxtarsvæði sjóbleikju valdi tjóni á sjóbleikjustofninum. Eitt er þó ljóst að ekki er hægt að fullyrða, byggt á vísindalegu áhættumati, að laxinn hafi ekki áhrif á viðkomu og vöxt sjóbleikjunnar. Athygli vekur að ef lítið er til veiðitalna

frá því um aldamótin að fækkun sjóbleikjustofnsins helst í hendur við aukningu á laxi í ánni sem til er kominn vegna sleppinga á laxi í Norðlingafljót en hluti sleppts lax hrygnir í ánni. Taka verður tillit til varúðarreglunnar.

Einnig skal bent á að í Norðlingafljóti er m.a. náttúrlegur urriðastofn sem laxinn mun e.t.v. hafa neikvæð áhrif á. Nauðsynlegt er að gagnreynd vitneskja verði til um þessi áhrif áður en lengra er haldið.

Í framlögðum gögnum er ekki minnst einu orði á þessa stöðu sjóbleikjustofnsins en um er að ræða ein sterkustu rök fyrir því að gerð ganganna verði ekki leyfð að svo komnu máli, enda er nauðsynlegt að frekari rannsóknir fari fram þannig að hægt verði að taka upplýsta ákvörðun um framhaldið. Á sama hátt er ekkert fjallað um áhrif á urriðastofninn í Norðlingafljóti. Allar umsagnir um framkvæmdina verða að taka tillit til þessa. Hér þarf enn að vísa til varúðarreglunnar og afleiðingum þess að henni verði ekki beitt. Náttúran verður að njóta vafans.

Í framlögðum gögnum kemur fram að unnið hafi verið að fimm ára fiskiræktaráætlun vegna tilkomu nýs laxastofns í árnar en þar segir:

„Aðilar að Veiðifélagi Hvítár og Norðlingafljóts eru landeigendur að vatnasviði félagsins, umhverfi þess og náttúru. Markmið veiðifélagsins er að í framtíð verði Norðlingafljót sjálfbært til veiða á laxi. Veiðifélagið hefur unnið að fimm ára fiskiræktaráætlun, samkvæmt 5.-6. gr. laga nr. 58/2006 um fiskrækt, sjá viðauka A. Þannig er hafið eldi á laxaseiðum af Kjarrár/vesturlandsstofni til sleppinga í Norðlingafljót og er um að ræða stærsta sjálfbærniverkefni sem farið hefur verið í fyrir íslenska laxastofninn. Verkefnið hefur hlotið styrk úr Fiskræktarsjóði vegna mikilvægis þess.“

Fiskiræktaráætlun hefur ekki verið kynnt hinum almenna veiðiréttarhafa né hefur áætlunin verið samþykkt á fundum félagsins. Val á stofni til ræktunar í ánni sjálfri hefur ekki verið kynnt né er vitað til að önnur veiðifélög á svæðinu hafi samþykkt valið. Þó er vitað um val á stofni til sleppinga í Norðlingafljót, en nauðsynlegt er að endurskoða það frá grunni þegar um beinar sleppingar á seiðum er að ræða enda um að ræða stærsta sjálfbærniverkefni á laxi á landinu. Vitneskjan um að hafið sé eldi á laxaseiðum er ekki fyrir hendi hjá þorra veiðiréttarhafa enda hefur það ekki verið kynnt og samþykkt né hefur félagið fjárhagslega burði til þess að greiða þann kostnað sem af því hlýst. Þessi atriði hafa ekki verið lögð fyrir fundi í félaginu eins og lög gera ráð fyrir. Nálgun málsins af hendi þeirra sem sérstakan áhuga hafa á málinu hefði átt að vera nákvæmari og betri.

Orðsporsáhætta

Þegar ákvörðun um umsögn eða veitingu framkvæmdaleyfa á friðuðum svæðum

og þá sérstaklega þegar um er að ræða framkvæmdir sem tengjast sérstökum náttúruperlum eins og Barnafoss er, verður að taka tillit til orðsporsáhættu. Hvaða áhrif hefur það á þá sem heimsækja Barnafoss og Hraunfossa að sjá hluta mannvirkis sem truflar ásýnd, þannig að skynja má að fossinn sé að einhverju leyti manngerður eða að átt hafi verið við hann og honum breytt af mannavöldum? Op og lokur sem gert er ráð fyrir í hönnun ganganna eru þess eðlis og geta haft veruleg áhrif. Upplifun gesta getur orðið sú að þessi náttúruperla sé áhugaverð en að því miður hafi henni verið misþyrmt og augljóst að Íslendingar virði ekki náttúru sína. Þetta mun rýra verðmæti svæðisins verulega enda um óafturkræfar skemmdir að ræða. Hér gildir varúðarreglan enda framkvæmdin sem hér um ræðir ekki til almannaheilla í skilningi laganna. Þetta atriði getur eitt og sér valdið því að ekki er hægt að veita jákvæðar umsagnir eða nauðsynleg leyfi til framkvæmdarinnar.

Hæfi umsagnaraðila

Mikilvægt er að allar umsagnir sem nýttar verða sem grunnur að mikilvægum ákvörðunum tengdum gerð laxgengra ganga við Barnafoss séu gerðar á hlutlausan hátt og gerðar af til þess hæfum einstaklingum sem ekki tengjast hagsmunum, gerð framlagðra gagna eða sem unnið hafa sem ráðgjafar við mótun verkefnisins. Athygli vekur að hluti þeirra sérfræðinga sem vitnað er til og sem veitt hafa ráðgjöf við vinnslu gagnanna eru jafnframt lykilstarfsmenn stofnana á þeim sviðum sem hér er fjallað um og sem gefa eiga umsögn um framlögð gögn.

Lokaorð

Við greiningu framlagðra gagna verður ljóst að óhugsandi er að veita heimildir til þess að gera fiskiveg sem um ræðir við Barnafoss. Hönnunin er barn síns tíma og uppfyllir ekki nútímakröfur um náttúruvernd enda veruleg hætta á að framkvæmdirnar valdi óásættanlegum óafturkræfum skemmdum á þessari náttúruperlu. Þá er ljóst að ekkert er tekið tillit til sjóbleikjustofns sem er í Hvítá en hann er í útrýmingarhættu, né er tekið tillit til urriðastofns í Norðlingafljóti. Framandi laxastofn getur haft alvarleg áhrif á viðkomu þessara stofna með þeim afleiðingum að sjóbleikjustofni í Hvítá verði ekki bjargað.

Ásýnd Barnafoss mun breytast verulega enda verður inntaksop með tilheyrandi lokum sjáanlegt auk þess sem úttaksop verður sjáanlegt og þrep til breytinga á straumi getur haft neikvæð áhrif. Hættan við ófyrirsjáanlegar afleiðingar framkvæmdarinnar sjálfrar er veruleg enda gerð bergsins sem göngin verða í aðeins þokkalegt til gangagerðar og bæði lagskipt og sprungið. Hér er sérstaklega átt við áhrif lokasprengingar við úttaksop þar sem veruleg hætta er á að bergið í kringum opið verði fyrir verulegum óafturkræfum skemmdum.

Engin samstaða er í héraði um gerð ganganna eða tilkomu framandi laxastofns í náttúruna á svæðinu.

Ekki verður séð að gerð ganganna varði almannaheill.

Orðsporsáhættan er veruleg enda hafa sjónarmið almennings hér á landi og í útlöndum gagnvart umhverfisvernd breyst verulega á undanförunum árum og áratugum. Þjóð sem leyfir framkvæmdir af þessu tagi hlýtur hnekki af.

Varúðarregluna verður að virða á öllum stigum umsagna og leyfisveitinga.

Ljóst er að næsta skref í ferli þessarar umsóknar er að gert verði ítarlegt umhverfismat þar sem fjallað er um öll nauðsynleg atriði máls m.a. þau atriði sem fram hafa komið í þessu minnisblaði, ef ekki er hægt að hafna tillögunni nú þegar.

Haukagili 20. október 2021

Ágúst Jónsson, verkfræðingur

Stjórnarmaður í stjórn Veiðifélags Hvítár og Norðlingafljóts

